



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Frá Suvitupa til Ruða Marêo

Rýnt í þýðingar Sjálfstæðs fólks eftir Halldór Laxness á sex tungumálum

Ritgerð til M.A.-prófs

Siru Katri Heinikki Laine

September 2012

Háskóli Íslands
Íslensku- og menningardeild
Þýðingafraeði

Frá Suvitupa til Ruêa Marêo

*Rýnt í þýðingar Sjálfstæðs fólks eftir Halldór Laxness á sex
tungumálum*

Ritgerð til M.A.-prófs

Siru Katri Heinikki Laine

Kt.: 260587-4129

Leiðbeinandi: Gauti Kristmannsson

September 2012

„Ég segi fyrir mig, maður fer á mis við lífið þángaðtil maður er orðinn sjálfstæður. Fólki sem ekki er sjálfstæðisfólk, það er ekki fólk. Maður sem ekki er sjálfra sinna, hann er einsog hundlaus maður.“

Bjartur í Sumarhúsum

ÁGRIP

Í þessari ritgerð er skoðað *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness og þýðingar verksins á sex tungumálum sem eru finnska, sænska, enska, ítalska, spænska og esperanto.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrstu kafla fjalla ég um ákvörðun mína um viðfangsefni ritgerðarinnar. Í öðrum kafla tala ég lítillega um Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk* og nóbelsverðlaunin. Í þriðja kafla verður gerð grein fyrir þýðingunum sex og fjórði kaflinn fjallar um samanburð þeirra. Síðasti kaflinn er stutt samantekt.

Mér finnst athyglisvert að bera saman þýðingar í mismunandi tungumál. Ég hef áður gert það mér til skemmtunar og þegar ég heyrði að einn möguleiki fyrir meistararitgerð væri þess konar verkefni var ég strax komin með hugmynd; að tengja upphaldsbókina mína við ástríðu mína fyrir tungumálum.

ABSTRACT

This thesis is about the novel *Sjálfstætt fólk* by Halldór Laxness and its translations in six languages; Finnish, Swedish, English, Italian, Spanish and Esperanto.

The thesis will be divided into five chapters. In the first chapter I discuss the topic of the thesis and why I chose it. The second chapter is about Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk* and the Nobel prize. In the third chapter I will talk about the translations and translators, and the fourth chapter is about differences between the translations. The last chapter is a short summary.

I find comparing translations in different languages very interesting. I have done it before for fun and when I heard that it could be the topic for my Master's thesis I immediately got an idea for it; to combine my favorite book with my passion for languages.

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI: INNGANGUR	3
2. KAFLI: HALLDÓR LAXNESS OG SJÁLFSTÆTT FÓLK	8
2.1 <i>Inngangur</i>	8
2.2 <i>Höfundurinn</i>	8
2.3 <i>Sjálfstætt fólk</i>	11
2.4 <i>Samantekt</i>	12
3. KAFLI: ÞÝÐINGARNAR SEX	13
3.1 <i>Inngangur</i>	13
3.2 <i>Samanburður tungumálanna</i>	13
3.3 <i>Nokkur almenn orð um þýðingarnar</i>	16
3.3.1 <i>Enska þýðingin</i>	16
3.3.2 <i>Finnska þýðingin</i>	17
3.3.3 <i>Sænska þýðingin</i>	24
3.3.4 <i>Ítalska þýðingin</i>	25
3.3.5 <i>Spænska þýðingin</i>	26
3.3.6 <i>Þýðingin á esperanto</i>	26
3.3.7 <i>Heiti verksins á öðrum tungumálum</i>	28
3.4 <i>Samantekt</i>	30
4. KAFLI: VANDAMÁL OG MÁLFARSPÆTTIR Í ÞÝÐINGUNUM ...	31
4.1 <i>Inngangur</i>	31
4.2 <i>Málfræðileg vandamál</i>	31
4.2.1 <i>Stafsetning</i>	31
4.2.2 <i>Eiginnöfn og örnefni</i>	32
4.2.3 <i>Sérnöfn á esperanto</i>	38

<i>4.3 Menningarleg vandamál</i>	39
4.3.1 Jafngildi	39
4.3.2 Ósamræmi	47
4.3.3 Orðasambönd og málshættir.	54
4.3.3.1 Niðrandi orðatiltæki og blótsyrði	57
4.3.4 Málsnið og stíll	59
4.3.5 Gullmolar í finnsku þýðingunni	62
4.3.6 Upphrópanir og hikorð	65
4.3.7 Hljóðgervingar	67
<i>4.4 Samantekt</i>	68
5. KAFLI: AÐ LOKUM	69
HEIMILDASKRÁ	71

1. KAFLI

INNGANGUR

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða þýðingar á skáldsögunni *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness á sex tungumálum.

Sjálfstætt fólk var lesefni í námskeiði á vormisseri þriðja árs í íslensku fyrir erlenda stúdenta, sem var námsbrautin mín fyrir meistaranámið í þýðingafraeði. Námskeiðið var um íslenskar bókmenntir síðari alda, þ.e.a.s. eftir árið 1550, og kennari þess var Jón Yngvi Jóhannsson. Stíll Laxness er mjög sérkennilegur og til að auðvelda mér lesturinn las ég bókina samtímis á íslensku og á finnsku, sem er móðurmálið mitt. Stundum skildi ég ekki íslenska textann og kíkti svo á finnsku þýðinguna en þurfti einnig að leita að kaflanum í ensku þýðingunni af því að mér þótti finnska setningin vera alveg út í hött.

Í þessari ritgerð ákvað ég að nota fimm erlend mál ásamt íslensku og finnsku: ensku, sænsku, ítölsku, spænsku og esperantó. Sænska þýðingin var notað til að þýða *Sjálfstætt fólk* yfir á finnsku, þess vegna tók ég hana með í rannsóknina; hún var endurgerð árið 2011 og ég nota þá þýðingu, en ef finnska þýðingin er úr takti við íslensku útgáfuna þá lít ég í gömlu sænsku þýðinguna.

Enska er mitt annað mál, ég byrjaði að læra hana í þriðja bekk. Ég hef gott vald á sænsku og spænsku; í Finnlandi er sænska skyldunámsgrein enda hefur Finnland tvö opinber tungumál, finnsku og sænsku. Ég lærði sænsku í sex ár, byrjaði í sjöunda bekk og hélt svo áfram í menntaskóla (f. *lukio*), og spænsku lærði ég í þrjú ár í menntaskóla. Ég tók finnskt stúdentspróf, *abitur*, í þessum þremur málum auk finnsku, þýsku og latínu árið 2006. Ég lærði einhverja ítölsku í menntaskóla, en þá hitti ég ítalskan mann í esperantóþingi á Ítalíu; við vorum í sambúð í þrjú ár hér á Íslandi og heimilismálið okkar var esperantó, við notuðum það í samtölum á hverjum degi. Ég tók nokkur

námskeið í ítölsku í Háskóla Íslands og ákvað svo að fara í skiptináms til Ítalíu, í Háskólann í Cagliari í Sardiníu. Ítölskukunnátta mín var þegar nógu góð til að geta verið í námskeiðum með Sardiníubúum.

Hurtado Albir (2008:28) spyr „¿Por qué, para qué y para quién se traduce?“, sem getur verið íslenskað sem 'af hverju, til hvers og fyrir hvern þýðir maður'. Samkvæmt honum þýðir maður vegna þess að tungumál og menningarheimar eru ólíkir, til að miðla og tjá til þess að yfirvinna samskiptaleysi og fyrir þá sem kunna ekki tungumál og oft einnig menningarheim frumtextans. Jafnframt kemur fram hjá honum að þýðandinn þýðir ekki fyrir sjálfan sig, nema í sjaldgæfum tilfellum, heldur fyrir viðtakendur sem þurfa þýðinguna til þess að geta komist að textanum. Samkvæmt Roman Jakobson (1896-1982), sem var rússnesk-bandarískur málfræðingur, er hægt að flokka þýðingar í þrjá meginflokka, eins og hægt er að sjá hjá Ástráði Eysteinssyni (1996:27) og Munday (2008:5)¹:

- (1) a. *þýðing innan tungumálsins* (e. *intralingual translation*)
- b. *þýðing milli tungumála* (e. *interlingual translation*)
- c. *þýðing milli táknerfa* (e. *intersemiotic translation*)

Þýðing innan tungumálsins er notuð þegar textinn er endurskrifaður í sama málkerfi, til dæmis þegar munnleg saga er skrifuð niður. Sænsk þýðing *Sjálfstæðs fólks* sem ég nota í þessari ritgerð getur verið flokkuð sem þýðing innan tungumálsins vegna þess að gamla þýðingin var endurskoðuð og skrifuð aftur. Þýðing milli tungumála er hins vegar þýðingarháttur þar sem merking er færð til dæmis af íslensku yfir á finnsku, þ.e.a.s. af einu tungumáli yfir á annað. Þessi þýðingarháttur er algengastur og getur verið bæði skriflegur og munnlegur, í alls konar textum og tilefnum. Hinar þýðingarnar sem eru notaðar í ritgerðinni eru þýðingar milli tungumála. Þriðji flokkurinn, þýðing milli táknerfa, er notaður þegar merking er færð yfir á annan tákniðil; gott dæmi um þetta eru til dæmis táknmál og umferðarmerki með leiðbeiningum.

Nauðsynlegt er að skilgreina tilgang þýðingar áður en þýðing getur byrjað. Þetta er eitt af grunnatriðum í skopos-kenningu, sem var þróuð af þýðingafraeðingnum Hans J. Vermeer, eins og fram kemur hjá Baker og Saldanha (2009:117) og Munday

¹ Öll umræðan í undirkaflanum hér á eftir byggist á upplýsingum frá Ástráði Eysteinssyni (1996:27-28) og Munday (2008:5).

(2008:79). Kenningin leggur áherslu á markmið og hlutverk (skopos) þýðingarinnar, sem ákvarðar hvaða aðferðir þarf að nota til þess að skapa hagnýtan texta. Það er einnig mikilvægt að vita hvers vegna frumtextinn þarf að vera þýddur. Vermeer segir að

- (2) What the skopos states is that one must translate, consciously and consistently, in accordance with some principle respecting the target text. The theory does not state what the principle is: this must be decided separately in each specific case.²

Munday (2008:80) notar erfðaskrá sem dæmi til að útskýra orð Vermeers: Sama erfðaskrá á að vera þýdd orðrétt og hafa neðanmálgreinar fyrir lögfræðing sem er að vinna að málinu í öðru landi, en í skáldsögu þarf hún ekki að vera þýdd eins strangt eða hafa neðanmálgreinar svo að lesturinn verði ekki truflaður.

Þýski þýðingafræðingurinn Katharina Reiss er meðmælandi skoposkenningarinnar, hún og Vermeer hafa unnið saman að henni. Hún hefur m.a. skrifað bók um þýðingaráni, eins og fram kemur hjá Ástráði Eysteinssyni (1996:143). Samkvæmt honum er dagblaðaritdómur algengasta tegund þýðingaráni, en í raun og veru er hann ekki þýðingaráni vegna þess að gagnrýnandi hefur ekki borið þýðinguna saman við frumtextann; að skrifa um þýdda bók og að skrifa um þýðingu eru tvö mismunandi atriði. Skv. Ástráði Eysteinssyni segir Reiss að „engin þýðingaráni á sér stað án samanburðar frumtexta og þýðingartexta“ (1996:143), þó til sé gagnrýni sem leitar ekki til frumtextans. Í þess konar gagnrýni er sagt til dæmis um hversu eðlilegt málið er í þýðingu og hvort textinn sé þægilegur en þetta er reyndar ritdómur fremur en þýðingaráni.

Reiss flokkar skriflega texta í þrjá hópa eftir samskiptahlutverki þeirra, sbr. Munday (2008:72):

- (3) a. *upplýsandi textar (e. informative)*
b. *tjáningartextar (e. expressive)*
c. *virkjandi textar (e. operative)*

² Tilvitnun Munday (2008:80) til Vermeer, Hans. 2004. „Skopos and commission in translational action“, bls. 234. *The Translation Studies Reader*. Ritsstjóri Lawrence Venuti. Routledge, London og New York.

Ingo (1990:279) segir að markmið upplýsandi textans vera að gefa upplýsingar, til dæmis í leiðbeiningum, og þess vegna er uppbygging innihaldsins mikilvæg. Samkvæmt Munday (2008:72-73) er hægt að finna tjáningartexta m.a. í ljóðum og í þeim skiptir formið mestu máli; þeir segja einnig mikið um viðhorf höfundar. Auglýsing er eitt dæmi um virkjandi texta; samskiptahlutverk hans er að vekja athygli lesandans.

Mary Snell-Hornby þýðingafræðingur flokkar hins vegar þýðingar í þrjá meginhópa í samræmi við textagerð þeirra, eins og sjá má hjá Ástráði Eysteinsyni (1996:125-127) og Munday (2008:75):

- (4) a. *bókmenntaþýðingar (e. literary translation)*
- b. *almennar þýðingar (e. general language translation)*
- c. *sérhæfðar þýðingar (e. special language translation)*

Allir hóparnir hafa marga undirflokkka. Bókmenntaþýðingar eru til dæmis bókmenntir, kvikmyndir og *Biblían*, en uppskriftir og aðrir upplýsingatextar teljast til almennra þýðinga. Þýðandinn þarf að hafa svæðisbundna þekkingu til að geta þýdd sérhæfðar þýðingar eins og lagamál, læknisfræði og vísindatexta. Hér er líka nauðsynlegt að hafa skopos-kenninguna í huga vegna þess að tilgangur hvers þýðingaflokks er ólíkur hinum, og það má ekki gleyma markhópum; Peter Newmark (1988:13) segir að orðaval sé mikilvægt þegar hugsað er um lesendur textans. Að þýða fyrir fullorðna eða börn er ekki það sama vegna þess að fullorðnir og börn eru í ólíkum markhópum. Í barnabókum er ekki eðlilegt að nota flóknar setningar en það er hægt í bókum fyrir fullorðna. Mismunandi menntun lesenda er annað dæmi um skiptingu í markhópa; til dæmis bæklingar um sjúkdóma eða meðgöngu eiga að vera skýrir og auðveldir þannig að þeir sem hafa ekki haft möguleika til að mennta sig geti lesið og skilið þá.

Newmark raðar þýðingaradferðum upp eftir mikilvægi (1988:45), hér er uppsetning og þýðing Jóns G. Friðjónssonar af röðuninni (2008:13):

- | | | |
|-----|---|--|
| (5) | Áhersla lögð á frummálið (SL) | Áhersla lögð á þýðingarmálið (TL) |
| | <i>frá orði til orðs (e. word-for-word)</i> | <i>aðlögun (e. adaptation)</i> |
| | <i>orðrétt þýðing (e. literal)</i> | <i>frjáls þýðing (e. free)</i> |

nákvæm þýðing (e. faithful)
þýðing á grundvelli merkingar
(e. semantic)

eðlileg þýðing (e. idiomatic ('natural'))
þýðing á grundvelli tjáningar
(e. communicative)

Þegar textinn er þýddur frá orði til orðs eru orðin þýdd úr samhengi, í algengustu merkingu sinni og orðaröð í setningu frummálsins er notuð í viðtökumálinu; þannig er m.a. hægt að skilja uppbyggingu texta frummálsins. Andstæða þessarar þýðingu er aðlögun sem er notað til dæmis í ljóðum og leikritum, hún er frjálsasta form þýðinga. Mér finnst þýðingarnar í þessari ritgerð vera að mestu eðlilegar þýðingar, þar sem innihald frumtextans er varðveitt en orðatiltæki eru til dæmis ekki þýdd orðrétt heldur eru orðatiltæki viðtökumálsins eru notuð í staðinn.

Í þessari ritgerð verður lögð mest áhersla á þýðinguna á finnsku vegna þess að ég hef rannsakað hana meira en hinar. Þá hef ég skoðað nánar þýðingarnar á ítölsku og esperanto; eins og áður kom fram er sænska þýðingin notað vegna þess að *Sjálfstætt fólk* var fært yfir á finnsku upp úr henni, og ég tók spænsku þýðinguna til þess að geta séð hvort mikill munur er á henni og ítölsku þýðingunni. Draumur minn er að rannsaka þýðingarnar nánar síðar meir og kannski bæta við þýðingar í þýsku og frönsku.

2. KAFLI

HALLDÓR LAXNESS OG SJÁLFASTÆTT FÓLK

2.1 Inngangur

Þessi kaflí fjallar um Halldór Laxness og *Sjálfastætt fólk*. Í kafla 2.2 verður höfundurinn kynntur, ævi hans og störf, en í kafla 2.3 er sagt frá Nóbelsverðlaununum. Kaflí 2.4 fjallar lítillega um *Sjálfastætt fólk*.

2.2 Höfundurinn

Halldór Guðjónsson var fæddur þann 23. apríl árið 1902 í Reykjavík.³ Foreldrar hans voru Guðjón Helgi Helgason bóndi og vegaverkstjóri og Sigríður Halldórsdóttir húsmóðir. Hann átti tvær systur, Sigríði og Helgu. Faðir Halldórs seldi húsið þeirra í Reykjavík 1905 og fjölskyldan flutti til Laxness í Mosfellssveit, sem Guðjón hafði keypt og Halldór ólst þar upp. Halldór gekk í barnaskóla Mosfellssveitar sem fluttist milli bæja og byrjaði í Iðnskólanum í Reykjavík í 1915 (2004:29). Hann lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, en hætti námi einu ári síðar, 1919, þegar hann var í fjórða bekk. Næsta áratug ferðaðist hann mikið og lærði m.a. hjá munkum í Lúxemborg, en síðar eignaðist hann fast heimili að Gljúfrasteini í Mosfellssveit.

Þegar Halldór var ungur fannst honum tungumálið vera athyglisvert tæki jafnvel þó hann kynni bara íslensku, eða „það sem talað var á bernskuheimili mínu á Laugaveginum og á götunni í Reykjavík“ (2002:75). Hann byrjaði að skrifa greinar í blöð þegar hann var 12 ára, vegna þess að hann langaði að koma einhverju frá sér á prent; fyrsta blaðgreinin hans birtist í Morgunblaðinu haustið 1916. Greinin fjallaði um gamla standklukku sem er ennþá hægt að sjá á Gljúfrasteini. Halldór segist ekki hafa

³ Upplýsingar í þessum undirkafla má finna í þessum heimildum: Ólafur Ragnarsson (2002), Halldór Guðmundsson (2004), *Samtíðarmenn* (1993:281) og af vefnum http://www.gljufurasteinn.is/is/halldor_laxness/vi_og_verk_halldors_kiljans_laxness/ og http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/literature/laureates/1955/laxness-bio.html

verið „mikið leikjabarn“, í staðinn las hann mjög mikið og skrifaði í blöðin, og gat sagt sögur áreynslulaust (2002:87).

Barn náttúrunnar var fyrsta skáldsaga Halldórs sem var prentuð. Þegar hún kom út var Halldór þegar í Danmörku. Hann fór þangað í ágúst 1919 (2004:73), sagt er frá þessum vetri í minningasögunni hans *Úngur eg var*, sem var gefin út í 1976. Honum fannst gott að vera í Kaupmannahöfn, þar gat hann loksins einbeitt sér að ritstörfum og lestri. Hann fór að skrifa smásögur og skáldsögu á dönsku og skrifaði móður sinni „að hann komi ekki heim fyrr en hann hafi „slegið í gegn“ á dönskunni“ (2004:77). *Den tusindaarige Islænding* var fyrsta smásagan hans á dönsku sem birtist á forsíðu helgarútgáfu stórblaðsins Berlingske Tidende, þann 19. október 1919 (2004:78).

Tveimur árum síðar fór Halldór til Þýskalands jafnvel þó uppeldisbróðir föður hans, sem átti heima í Ameríku, sendi honum pening til þess að fá Halldór í heimsókn; hann ætlaði að fara þangað aðeins seinna (2004:107). Á þeim vetri var hann að vinna að *Rauða kverinu* í Þýskalandi og Austurríki, en það kom aldrei út. 1922 ákvað hann að taka upp ættarnafn, eignarfallsmyndina af Laxnes (2004:117). Eftir eitt ár var nafnið lögfest.

Í maí 1922 fór hann loksins til Ameríku, en þegar hann kom til Ellis Island í New York var honum snúið við af innflytjendayfirvöldum vegna þess að hann var ekki með tilskilda pappíra frá Kanada. Þá fór hann til Danmerkur og hitti Málfríði Jónsdóttur vinnukonu, og í apríl 1923 fæddist dóttir þeirra, Sigríður María Elísabet (2004:121). Halldór var þegar farinn frá Danmörku þegar það gerðist og frétti af dóttur sinni um haustið.

Á þeim tíma hafði Halldór hugsað mikið um trúmál og ákvað hann að fara í klaustur til þess að finna athvarf; í lok nóvember árið 1922 kom hann til Clervaux í Lúxemborg þar sem hann hafði fengið gistipláss í klaustrinu St. Maurice (2004:127). Halldór var skírður og fermdur til kaþólskrar trúar eftir rúmlega einn mánuð, í byrjun janúar 1923. Hann valdi sér nafnið Halldór Kiljan Marie Pierre Laxness (2004:132). Hann hugsaði um að taka stúdentspróf og gerast svo jesúíti á prestaskóla í Róm, en fór í staðinn heim um Frakkland og England. Á Íslandi hitti hann Ingibjörgu Einarsdóttur sem varð síðar eiginkona hans (2004:159).

1927 fór Halldór aftur til Ameríku. Hann vildi ná árangri sem höfundur þar (2004:217) og vinna við kvikmyndaiðnaðinn. Það tókst samt ekki, og „ósigur hans í

Hollywood varð sigur íslenskra bókmennta“, eins og Halldór Guðmundsson segir (2004:258): Halldór byrjaði að skrifa nýja íslenska skáldsögu, *Heiðin*, sem varð fyrsti hluti *Sjálfstæðs fólks*. Hann kom til baka til Íslands 1929 og vildi ekki lengur verða rithöfundur á erlendu máli, heldur á íslensku; hann langaði að skrifa um íslensk viðfangsefni (2004:263). Inga hafði beðið hans í þrjú ár og þau giftust 1930.

Salka Valka var gefin út í tveimur hlutum í 1931-32 og var fyrsta skáldsaga Halldórs sem var þýdd á erlend mál (2004:291). Halldór var aftur í útlöndum og vísindahyggjan tók stöðu trúarinnar hjá honum (2004:301); samkvæmt honum voru stríð og heimskreppa afleiðingar kapítalismans. Hann hafði áhuga á Rússlandi og sósíalisma og á þessum áratug fór hann í tvær langar ferðir til Sovétríkjanna (2004:312). Hann vann að *Sjálfstæðu fólki* sem varð fjögur bindi; þau komu út í 1934-35 og fengu jákvæðar umsagnir.

Árið 1935 kom fram ný bókmenntahreyfing, Rauðir pennar. Í fyrsta tölublaði tímaritsins með sama nafni áttu margir íslenskir höfundar efni, eins og til dæmis Halldór, Þórbergur Þórðarson og Jóhannes úr Kötlum (2004:369). Eftir *Sjálfstætt fólk* kom *Heimsljós* út í fjórum hlutum 1937-1940. Halldór og Inga eignuðust soninn Einar 1938.

Halldór var á Laugarvatni samtímis Auði Sveinsdóttur þegar stríðið braust út árið 1939 (2004:441). Þau urðu ástfangin og gengu í hjónaband á aðfangadag 1945. Bygging húss þeirra, Gljúfrasteins, hófst sama ár (2004:501). Halldór hafði þegar skrifað tvo hluta *Íslandsklukkunnar* sem voru gefnir út í 1943 og 1944, og þriðji hlutinn kom út í 1946. *Atómstöðin* var gefin út árið 1948 og vakti miklar deilur.

Halldór og Auður eignuðust tvær dætur: Sigríði, fædd árið 1951, og Guðnýju, fædd 1954. Árið 1955 hlaut Halldór Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Hann fór í heimsreisu; hún byrjaði í október 1957 (2004:627). Eftir Nóbelsverðlaunin fékk hann boð á marga staði og gat ekki þegið þau öll. Á þessum áratug voru gefin út m.a. *Gerpla* (1952), *Brekkukotsannáll* (1957) og *Paradísarheimt* (1960).

Halldór hélt áfram að skrifa og þýða þangað til hann varð gamall og heilsunni hans hrakaði; þess vegna þurfti hann að fara í elliheimili. Halldór lést 8. febrúar 1998, þegar hann var 95 ára.

2.3 Sjálfstætt fólk

Sjálfstætt fólk kom út 1934-35⁴. Sagan gerist í byrjun 20. aldar og segir okkur frá Guðbjarti Jónssyni og lífi hans í Sumarhúsum. Bjartur er kotbóndi og stærsti draumur hans er að vera alveg sjálfstæður, sinn eigin herra. Eftir að hafa unnið sem vinnumaður í 17 ár kaupir hann lítið kot sem verður heimili hans, Sumarhús. Bjartur er þverhaus og þess vegna er lífið í Sumarhúsum erfitt jafnvel þó hann væri hamingjusamur; hjónabönd hans enda ekki vel, fyrri konan dó af barnsförum þegar hann var í ferðalagi, hann vanrækti hana og þarfir hennar oft, og síðari konan dó eftir að Bjartur skar kú sem er mjög mikilvæg fyrir hana. Hann vill ekki fá hjálp frá neinum; ef einhver ætlar að gefa honum eitthvað þá vill hann borga fyrir það, annars þiggur hann það ekki. Bjartur er ekki þægilegur maður; hann fer illa með sína nánustu og hugsar fyrst og fremst um sjálfstæði sitt. Kindurnar hans eru mjög mikilvægar fyrir hann vegna þess að samkvæmt honum merkir það sjálfstæði að eiga þær.

Sagan fjallar líka um tvær eiginkonur hans Bjarts og fjögur börn. Rósa er fyrsta kona Bjarts, en þegar þau giftast er hún þegar barnshafandi eftir annan mann. Hún er mjög veik og deyr við fæðingu, en Bjartur elur samt barnið upp. Hún heitir Ásta Sóllilja og lítur upp til Bjarts eins og hann væri faðir hennar. Sambandið milli þeirra er einn af mikilvægustu efnisþráðum í bókinni. Önnur eiginkona Bjarts heitir Finna og hún flytur til Sumarhúsa með Hallberu móður sína. Bjartur og Finna eignast þrjá syni sem heita Helgi, Gvendur og Jón.

Stafsetning Halldórs er sérstök. Hann vildi ekki skrifa með lögboðinni stafsetningu, heldur fara nær töluðu máli; um þetta má lesa hjá Halldóri Guðmundssyni (2004:455). Hann skrifaði samkvæmt framburði; til dæmis á undan *-ng-* notaði hann breiðan sérhljóða, eins og *úngur* í stað *ungur*, sleppti tvöföldum samhljóðum og skrifaði einfaldan í staðinn, eins og *fímtíu* í stað *fimmtíu*. Einnig voru smáorð skrifuð saman, eins og *altíeinu* í stað *allt í einu*, og joði milli sérhljóða var sleppt, eins og *jæa* í stað *jæja*. Jafnframt kemur fram hjá Halldóri Guðmundssyni að Halldór Laxness sleppti zetu og vildi hafa greinarmerki sem lesmerki (2004:455).

⁴ Heimildir í þessum undirkafla eru af vefnum

http://www.gljufrausteinn.is/is/halldor_laxness/vi_og_verk_halldors_kiljans_laxness/ritverk/sjalfstaett_folk/

2.4 *Samantekt*

Í þessum kafla var rætt um Háldór Laxness, ævi hans og Nóbelsverðlaunin. Sagt var frá *Sjálfstæðu fólki* til þess að fá heildarmynd af bókinni. Í næsta kafla kynni ég þýðingarnar sex og þýðendur þeirra.

3. KAFLI

ÞÝÐINGARNAR SEX

3.1 *Inngangur*

Í þessum kafla fjalla ég um þýðingar *Sjálfstæðs fólks* og um ýmis atriði sem koma fram í þeim. Skoðaðar verða þýðingar á ensku, finnsku, sænsku, ítölsku, spænsku og esperanto.

3.2 *Samanburður tungumálanna*

Í þessari ritgerð fjalla ég um þýðingar í tungumálum sem tilheyra þremur málahópum. Hér nota ég ekki orðið 'tungumálaætt' vegna þess að eitt af málunum er planmál og getur því ekki beinlínis tilheyrt neinum málaættum.

Íslenska, enska, ítalska, spænska og sænska eru indóevrópsk mál, eins og fram kemur hjá Baldri Ragnarssyni (1999:116). Íslenska og sænska tilheyra norrænum málum (1999:189); íslenska er vesturnorrænt og sænska hins vegar austurnorrænt mál (1999:120). Ásamt ensku teljast þessi þrjú mál til einnar af megingreinum indóevrópsku tungumálaættarinnar sem heitir germönsk mál (1999:90). Enska hins vegar er ekki norrænt heldur vesturgermanskt mál (1999:55).

Finnska tilheyrir finnsk-úgrískum málum eins og til dæmis ungverska og eistneska. Svo að vitnað sé til Karlsson (1987:10) þá er formgerð finnskunnar þess vegna öðruvísi en í hinum málum sem notuð eru í þessari ritgerð. Í finnsku eru orð mynduð með viðskeytum í staðinn fyrir forsetningar, þess vegna eru opinberu föllin fimmtán (1987:13). Til dæmis finnska orðið *taloissanikinko* merkir 'líka í húsum mínum?' á íslensku, sem er auðveldari að sjá þegar orðið er brotið í sundur:

(6) *taloissanikinko*

<i>talo-</i>	stofn orðsins	'hús'
<i>-i-</i>	fleirtöluinnskeyti	'-um'
<i>-ssa-</i>	íverufallsending	'í'

-ni-	eignarviðskeyti 1.p.et	'minn'
-kin-	viðskeyti	'líka'
-ko	spurningarviðskeyti	

Orð eins og *taloissanikinko* er erfitt að þýða orðrétt ef tungumál frumtextans er ekki *runumál* (e. *agglutinative language*) eins og til dæmis ungverska. Fyrir utan föll og viðskeyti eru einkenni finnskunnar m.a. þau að hana vantar málfræðilegt kyn og greini. Þess vegna er til bara eitt orð fyrir þriðju persónufornöfnin *hann* og *hún*, og til að benda á eitthvert sérstakt orð getur maður notað atviksorð eða ábendingarfornöfn, eins og *sjáðu þennan hund þarna* í staðinn fyrir *sjáðu hundinn*. Þessi vandamál verða skoðuð nánar í þriðju kaflanum.

Esperanto er planmál sem var búið til af Lúðvík Lazarus Zamenhof⁵, eins og fram kemur hjá Okrent (2009:94). Það er frekar nýtt mál; fyrsta bókin á esperanto, *Lingvo internacia* (ísl.: Alþjóðlegt tungumál), var gefin út af Zamenhof sjálfum árið 1887 og þetta telst vera opinbert upphaf tungumálsins (2009:97). Samkvæmt Okrent var Zamenhof fæddur í Białystok í Póllandi og heimilistungumál hans voru rússneska og jiddíska, og hann lærði hebresku af föður sínum; í umhverfi hans var notuð pólska og í skólanum voru kennd latína, gríska, franska og þýska (2009:95). Málfræði esperantos er einföld til þess að það sé öllum unnt að læra málið: Einungis 16 málfræðilegar reglur eru til, allar undartekningarlausar. Orðaforðinn byggist á indóevrópskum, sérstaklega á rómönskum málum, og hann er ekki stór vegna þess að einstök orð eru mynduð af stofni orðs og aðskeytum, eins og sjá má hér:

(7)	<i>sano</i>	'heilbrigði'	<i>malsano</i>	'veikindi'
	<i>sana</i>	'heilbrigð/-ur'	<i>malsana</i>	'veik/-ur'
	<i>sani</i>	'að vera heilbrigð/-ur'	<i>malsani</i>	'að tjást'
	<i>sanulo</i>	'heilbrigður maður'	<i>malsanulo</i>	'sjúklingur'
	<i>sanulino</i>	'heilbrigð kona'	<i>malsanulejo</i>	'sjúkrahús'
	<i>saniĝi</i>	'batna'	<i>malsaniĝi</i>	'að veikjast'
	<i>sanigi</i>	'lækna'	<i>malsanigi</i>	'að veikja'

⁵ Þessi stafsetning er notað í heimasíðu Íslenska esperantosambandsins, <http://www.ismennt.is/vefir/esperant/>. Hjá Okrent (2009:94) og Baldri Ragnarssyni (1999:61) er fyrsta nafnið *Ludwik*.

Hér er stofn orðs *san-*, sem kemur frá látínu *sānus*, *-a*, *-um* 'heilbrigður' og má einnig finna í indóevrópskum málum (ít. *sano*, fr. *sain*, en. *sane*). Með þess konar orðaforða er hægt að leika sér að orðmyndun.

Ég vil benda á dæmi úr bókinni sem sýnir nokkur einkenni málanna:⁶

- (8) a. ...nú **var hann** *altíeinu þektur* í ýmsum áttum sem ráðleysingi og fífl...
(bls. 463)
- b. ...now, with startling suddenness, **he was** everywhere **notorious** as an idiot and a dunderhead... (bls. 476)
- c. ...nyt **hänet** yhtäkkiä **tunnettiin** kaikkialla tuhmajussina ja hölmönä
(bls. 468).
- d. ...nu **var han** plötsligt **känd** på olika håll som dumbom och efterbliven
(bls. 415).
- e. ...nun **li** subite **famiĝis** en ĉiujn direktojn kiel ŝtipkapulo kaj imbecilo
(bls. 414).
- f. Ahora, de súbito, cosa asombrosa, **era notorio** en todas partes como un zoquete y un idiota (bls. 560).
- g. ...e adesso **era** improvvisamente **famoso** in ogni distretto come un tocco e un dissennato (bls. 566).

Hér er hægt að sjá m.a. tvenns konar einkenni: Orðaröð og notkun persónufornafna. Í íslensku og sænsku kemur frumlag eftir umsögn þegar setningin hefst á atvikslið, enda eru bæði norræn mál. Um þetta má lesa til dæmis hjá Westergaard (2009:13-19). Í finnsku og esperanto er orðaröð frekar frjáls, en oftast hljómar það best þegar umsögn er eftir frumlag, eins og í þessu dæmi; stundum er hægt að breyta orðaröð til þess að fá áherslu í setningunni.

Notkun persónufornafna er mismunandi í málunum sem ég nota í þessari ritgerð: Í þessu dæmi sjáum við að í spænsku og ítölsku er hægt að sleppa persónufornöfnum. Í hinum málunum eru þau notuð, en stundum eru persónufornöfn ekki notuð í finnsku, til dæmis með fyrstu persónu bæði í eintölu og fleirtölu. Í sænsku og esperanto beygjast

⁶ Hér eru setningar í sjö tungumálum: a. setninging í frumtextanum, þ.e.a.s. á íslensku (Halldór Laxness 2007), b. á ensku (Thompson 2008), c. á finnsku (Kivivuori og Kunnas 1966), d. á sænsku (Knutsson 2011), e. á esperantó (Baldur Ragnarsson 2007), f. á spænsku og g. á ítölsku (Cosimini 2004). Slík dæmi má finna í þessari ritgerð.

sagnorð ekki eftir persónum, og í ensku er bara sagnorðið *to be* með beygingarendingar, og í öllum sögnum er 3. persónu eintölu öðruvísi, til dæmis *I know – he knows*; þess vegna er nauðsynlegt að nota persónufornöfn.

3.3 Nokkur almenn orð um þýðingarnar

Hér verður fjallað um þýðingarnar og þýðendur þeirra, hver í sínum eigin undirkafla.

3.3.1 Enska þýðingin

J. A. Thompson var fæddur í Berwick-upon-Tweed árið 1910⁷. Hann lærði bókmenntir og tungumál í ensku og norðurlandamálum í háskólanum í Leeds og eftir útskriftina vann hann á Akureyri sem kennari. *Independent people* var eina þýðingin sem hann gerði.

Þýðingin hans J. A. Thompsons hefur hjálpað mörgum þýðendum í þýðingarferli þeirra af því að stíll Laxness er erfiður fyrir þá sem tala íslensku sem annað mál, og þess vegna er stundum hægt að sjá hvernig enska þýðingin hefur haft áhrif á hinar þýðingarnar, fyrst og fremst í ítölsku og spænsku. Lítum á dæmi úr 7. kaflanum:

- (9)
- a. *Andskotinn fjarri mér, sagði hann, þetta sem er nokkurskonar maðkur, það er vatnsmaðkur* (bls. 52).
 - b. “Good God, no. Not that sort anyway. Do you think I'd eat a worm? It's a water-worm, that's what it is“ (bls. 57).
 - c. -En, hyi perhana, sanoí Bjartur, -sehän on semmoinen mato. Vesimato (bls. 54).
 - d. I helvete heller, sa han, det är ju en sorts mask, det är en vattenmask (bls. 49).
 - e. Damnite ne, li diris, tio estas iaspeca vermo, tio estas akvovermo (bls. 51).
 - f. -¡Buen Dios, no! Por lo menos, no de esa clase. ¿Piensas que me comería un gusano? Es un gusano de agua, eso es lo que es (bls. 72).
 - g. Buondio, no. Quello no di certo, disse lui. Ti pare che mangerei un verme? È un serpente marino, ecco cos'è (bls. 69).

⁷ Þessar upplýsingar má finna í formála í *Independent people*.

Hér eru þýðingar á finnsku, sænsku og esperanto eins og frumtextinn, en í ítölsku og spænsku eins og enska þýðingin; maður sér að hún er frjáls þýðing sem er meiri umorðun en þýðing svo að vitnað sé til Jóns G. Friðjónssonar (2008:12). Annað dæmi sem sýnir okkur að enska þýðingin hafi verið hjálpargagn er tekið úr 33. kafla:

- (10) a. *Hún trúði á jesúspétur og ákallaði hann* (bls. 238).
- b. She believed in Jesuspeter and invoked him **endlessly** (bls. 242).
- c. Nainen uskoi johonkuhun Jeesuspietariin ja huusi häntä avuksi (bls. 240).
- d. Hon trodde på Jesus Petter och åkallade honom (bls. 215).
- e. *Ŝi kredis je jesuopetro kaj lin alvokis **senĉese*** (bls. 217).
- f. La mujer creía en Jesúspedro y lo invocaba **continuamente** (bls. 291).
- g. La donna credeva a Gesuppietro e lo invocava **spesso** (bls. 295).

Hér hefur J. A. Thompson bætt við *endlessly*, og í esperanto, spænsku og ítölsku eru notuð orð með svipaða merkingu. Í finnsku er hins vegar bætt við *johonkuhun*, 'einhvern'.

3.3.2 Finnska þýðingin

Kristiina Kivivuori (1919–1993) þýddi mörg verk á finnsku m.a. úr ensku, sænsku og þýsku.⁸ Kirsi Kunnas segir í viðtali við höfund að Kivivuori væri samviskusamur og góður þýðandi, og að hún hefði verið í skriflegum samskiptum við Laxness á meðan hún var að þýða bækur hans. Kivivuori hefur finnskað fjögur verk Halldórs Laxness: *Sölku Völku* (1948), *Ílandsklukkuna (Islannin kello, 1949)*, *Sjálfstætt fólk (Läpi harmaan kiven, 1951)* og *Heimsljós (Maan valo, 1953)*.⁹ Hún þýddi *Sölku Völku* sjálf, en vann með Kunnas að hinum þremur verkunum; Kivivuori þýddi laust mál og Kunnas kvæðin.

Ég spurði Kunnas hvort það hafi verið sín eigin hugmynd að þýða *Sjálfstætt fólk*, og hún sagði mér skemmtilega sögu¹⁰: Hún hefði verið að fá sér síðdegiskaffi við hringlaga borð í auglýsingadeild hjá útgefandanum WSOY þegar Kivivuori hefði komið

⁸ kiiltomato.net, 2004

⁹ Þessi upplýsingar eru úr vefnum Gljúfrasteins,

http://www.gljufasteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/finnska/

¹⁰ Upplýsingar í þessum kafla byggist á viðtal við Kirsi Kunnas (2012).

inn, stressuð og andvarpandi. Kivivuori hefði verið að leita að einhverjum sem gæti þýtt kvæði vegna þess að þau voru mörg og hún var of feimin til þess að geta spurt einhvern frægan, eins og V. A. Koskenniemi. Yrjö A. Jäntti yfirmaður bókmenntadeildar var í herberginu, hann benti á Kunnas og sagði „hérna höfum við hirðþýðanda“.

Kivivuori og Kunnas unnu saman; Kivivuori þýddi textann í kringum kvæðin til þess að Kunnas gæti fengið hugmynd um stemningu kaflans. Samkvæmt Kunnas var ekki erfitt að ná hugarástandi sem er sérkenni Norðurlandanna, það væri erfiðara til dæmis fyrir franskan þýðanda. Kunnas las sálmabók til að fá innblástur með gamaldags máli og tók því tíma til að þýða og finna rétta stemningu fyrir kvæðin. Henni fannst þetta spennandi verkefni og að mínu mati gerði hún þetta mjög vel.

Það væri stórt viðfangsefni að bera saman kvæðin í þýðingunum vegna þess að í því felast mörg mismunandi atriði eins og bragfræði; þess vegna ákvað ég að einbeita mér að lausu máli enda er það einnig krefjandi verkefni. Byrjum með finnska menningu í þýðingunni, hin dæmin eru sýnd til samanburðar:

- (11) a. *Það bar skepnu við hvítspglandi vatnið, líkast **nykri** í gagnsærri nóttinni* (bls. 217).
- b. Against the white sheen of the lake loomed the shape of some animal, like a **kelpie** in the pellucid night (bls. 221).
- c. Jokin eläin piirtyi peilikirkasta järveä vasten, se muistutti **Ahtia** kirkkaassa yössä (bls. 219).
- d. En varelse avtecknade sig mot det vitspeglande vattnet, påminde mest av allt om **bäckhästen** i den genomskinliga natten (bls. 197).
- e. Fone sur la blanka spegulo de la lago ekaperis la formo de iu besto, plej similia al **niksa çevalo** en la diafana nokto (bls. 199).
- f. Contra la placa blanca del lago se erguía la forma de algún animal, como **un nykur**, en la noche transparente (bls. 266).
- g. Si intravide un animale contro il bianco splendore del lago, come **un'alga** nella notte trasparente (bls. 270).

Hjá Chopra (2005:15) kemur fram að *Ahti* sé guð hafa, vatna og fljóta í finnskum goðsögnum. *Nykur* hins vegar er „dularfull hestskepna með öfuga hófa sem á að lifa í

vötnum og hlaupa með menn í þau“ (*Íslensk orðabók*, bls. 716). Sama orð er notað í spænsku þýðingunni, en útskýrt í neðanmálgreinum. Vefsíðan Snara gefur skýringu á *kelpie* í þennan hátt: „water spirit in the form of a horse that likes to drown its riders“. Þetta hlýtur að vera nákvæmari orðaval en *Ahti*, miðað við *nykur* í frumtextanum.

Kalevala er finnskt hetjuljóð sem safnað var saman af textafræðingnum og læknum Elias Lönnrot (sjá Sigurð A. Magnússon, 1957). Hann fór að hlusta á munnlegar sögur í Karelíu, hérað sem var partur af Finnlandi en Rússar fengu það 1944 eftir seinni heimsstyrjöldina. *Kalevala* kom út árið 1849 og Sigurður A. Magnússon skrifaði að það sé „þjóðkvæði bænda á svipaðan hátt og Eddukvæðin og Íslendingasögurnar eiga rætur sínar í lífi bóndans“.

Kivivuori hefur notað nokkuð orð úr *Kalevala* í þýðingunni sinni, og orðavalið í þessu dæmi er til dæmis sérstakt:

- (12) a. *Krummi sveimar **gargandi** yfir gilinu* (bls. 385).
- b. The raven hovered **croaking** over the gully (bls. 396).
- c. Korppi lentää **koikkuen** rotkon yllä (bls. 391).
- d. Korpen svävar **kraxande** över ravinen (bls. 347).
- e. Grakanta korvo **švebas** super la ravineto (bls. 347).
- f. El cuervo se cierce, **graznando**, sobre el barranco (bls. 468).
- g. Il corvo plana **gracchiando** sopra il burrone (bls. 473).

Þetta var fyrsta skipti sem ég heyrði sagnorðið *koikkua*, en það er hægt að finna í 16. þætti í *Kalevala*, *korppi **koikkui** latvallani*, sem hefur verið sænskað sem *göken galit i mitt grenverk*¹¹. *Garga* getur hins vegar verið útskýrt sem „um fugla: skrækja, krunka, gagga“ (*Íslensk orðabók*, bls. 291).

Annað orð frá *Kalevala* sem Kivivuori notar er *tursas*:

- (13) a. ...og þá í skrímslishami, svo sem nokkurslags **finngálkn**... (bls. 11)
- b. ...in the form of some kind of **serpent** or a **water-monster**... (bls. 15)
- c. ...tällöin jonkinlaisen **turasaan** hahmossa... (bls. 12)
- d. ...och då i ett odjurs gestalt, ett slags **monster**... (bls. 13)

¹¹ *Kalevala*. 1999. Översättning Lars Huldén og Matts Huldén. Atlantis, Stockholm. bls. 119.

- e. ...en forma de **serpento** aũ de ia **monstro**... (bls. 15)
- f. ...asumiendo la forma de una **serpiente** o un **monstruo acuático**... (bls. 23)
- g. ...in forma di **mostro, mezzo umano e mezzo animale**... (bls. 19)

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* er finngálkn „furðusagnakvikindi, maður að ofan en dýr að neðan“ (bls. 221). *Tursas* er útskýrt til dæmis hjá Lurker, í verkinu sínu *The Routledge Dictionary of Gods and Goddesses, Devils and Demons* á þennan hátt: „In Finnish folk-poetry, a deep-sea monster which raises its head from the sea. The name probably derives from the Germanic *thurs* = giant, monster (→ Thursir)“ (2004:189). Í nútímafinnsku merkir *tursas* nokkurs konar kolkrabbi. Orðið er notað líka í öðru samhengi:

- (14) a. Stundum brýtur hún bæ hans í **skrímslishami** (bls. 14).
- b. Sometimes it destroys his croft **in the form of a monster** (bls. 17).
- c. Milloin **tursaana** hävittää talon (bls. 14).
- d. Än är det **ett vidunder** som river ner hans gård (bls. 15).
- e. Iafoje ġi detruas lian domon **en formo de ħimero** (bls. 17).
- f. En ocasiones le destruye el pegujal, **bajo la forma de un monstruo** (bls. 26).
- g. A volte gli distrugge la dimora, **in forma di mostro** (bls. 22).

Kivivuori hefur notað í þýðingunni orð, sem eru gömul og ekki lengur notuð í talmáli, eins og sagnorðið *isota*:

- (15) a. *Einneginn sveingdi hana til mannsmergjá* (bls. 8).
- b. And she **hungered** for human marrow (bls. 12).
- c. Ja hän **isosi** ihmisen ydintä (bls. 8).
- d. Hon **kände** också **hunger** efter människomärg (bls. 10).
- e. Ši ankaũ **malsatis** por homa medolo (bls. 12).
- f. Y a **tener hambre** de tuétano humano (bls. 19).
- g. E anche **fame** di midollo (bls. 15).

Ég hafði aldrei heyrt *isota* áður, og í *Suomen kielen perussanakirja* (1995:298) kemur fram að þetta sagnorð sé mjög fornlegt; það sé hægt að finna til dæmis í gamalli þýðingunni *Biblunnar*, í Fjallræðunni (Matt. 5:6). Hér sýni ég dæmi; fyrst er versið úr þessari þýðingu, þá er það sama úr nýrri þýðingu og svo versið í íslenskri þýðingu.

- (16) a. Autuaita ovat ne, jotka **isoavat** ja janoavat vanhurskautta, sillä heidät ravitaan.¹²
- b. Autuaita ne, joilla on vanhurskauden **nälkä** ja jano: heidät ravitaan.¹³
- c. Sælir eru þeir sem **hungrar** og þyrstir eftir réttlætinu því að þeir munu saddir verða.¹⁴

Hjá Järvelä (2006:94) er *isota* þýdd sem 'hungra eftir e-u', 'þrá e-ð'. Í finnsku er ekki til annað sagnorð með sömu merkingu og 'að hungra eftir e-u', í staðinn er notað til dæmis orðasambandið *olla nälkäinen*, 'að vera svangur', eða með eignarmerkingu eins og *minulla on nälkä*, 'ég (*nærverufall* (e. *adessive*)) er (framsöguháttur nútíðar, 3. pers. et.) hungur'; þessi er notuð í nýrri þýðingu á finnsku. Um eignarmerkingu í finnsku má líka finna umfjöllun hjá Nikanne (1993:81). Til að hafa setninguna þetta er *isota* gott sagnorð, en að mínu mati væri *himoita* 'að þrá' betra vegna þess að það er algengara og skiljanlegra.

Í finnsku eru til fimmtán föll en í íslensku eru þau fjögur. Í öðrum tungumálum sem notuð eru í þessari ritgerð eru föll ekki til nema í persónufornöfnum (til dæmis í ensku *I, me, mine* og í ítölsku *io, mi, mio*), en í esperanto eru til tvö föll; nefnifall og þolfall. Stundum getur fallið breytt merkingu setningar í finnsku, eins og til dæmis í íslensku; *ég er með góðan kennara* þýðir ekki það sama og *ég er með góðum kennara*. Lítum á eftirfarandi dæmi:

- (17) a. Þið gerið þetta: **elskið þá** sem eru nógu miklir menn til að henda ykkur frá sér, og **giftist þeim** sem þið fyrirlítið (bls. 40).

¹² *Raamattu. Uusi testamentti*. 1938. Suomen Piipaseura, Helsinki.

¹³ *Pyhä Raamattu. Vanha testamentti. Uusi testamentti*. Suomen evankelis-luterilaisen kirkon kirkolliskokouksen vuonna 1992 käyttöön ottama suomennos.

¹⁴ *Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið*. 2007. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.

- b. This is how you work it usually: **you love those** who are fine enough gentlemen to kick you out when they're sick of you, then **you go off and marry someone** you despise (bls. 45).
- c. Näinhän te teette: **rakastatte niitä**, jotka ovat kyllin mahtavia hylätäkseen teidät, ja **naitte niitä** joita halveksitte (bls. 41).
- d. Det är ju så ni gör: **älskar dem** som är karlar nog att slänga ut er och **gifter er med dem** som ni föraktar (bls. 38).
- e. Vi faras çì tion: **amas tiujn** kiuj estas suficiè bonedukitaj por forçeti vin post uzo, kaj **edziniças al tiuj** kiujn vi malestimas (bls. 41).
- f. Éste es el método que usáis generalmente: **amáis a los** que son caballeros suficientemente delicados para echaros a puntapiés cuando están aburridos de vosotras, y entonces vais y **os casáis** con alguien a quien despreciáis (bls. 58).
- g. Così fate, voi: **vi innamorate di quelli** che sono gentiluomini così raffinati da cacciarvi via quando sono stufi, e poi **sposate quelli** che disprezzate (bls. 54).

Hér í finnsku setningunni er notað *niitä*, sem er *deildarfall* (e. *partitive*) af persónufornafni *ne*, 'þau'. Sagnorðið *rakastaa*, 'að elska', stýrir alltaf deildarfalli, en hins vegar sagnorðið *naida*, 'að giftast' getur stýrt þolfalli eða deildarfalli; þetta sagnorð er í frekar talmálslegri notkun í nútímafinnsku með þolfall, sem þýðir 'að hafa kynmök'. Í þriðja kaflanum er líka þess konar dæmi:

- (18) a. ...*þá er kominn tími til að gifta sig*... (bls. 18)
- b. ...and now, surely, is the **time to marry**... (bls. 22)
- c. ...silloin on **aika naida**... (bls. 19)
- d. ...då är det **dags att gifta sig**... (bls. 19)
- e. ...estas bone tiam vivi kaj la ĝusta **tempo por edziĝo**... (bls. 22)
- f. ...y ésta, en verdad, es la **época de casarse**... (bls. 32)
- g. ...de è ora il **momento di maritarsi**... (bls. 27-28)

Að mínu mati væri *mennä naimisiin* betri en *naida*, vegna þess að það er óskýrt hvort það sé að ræða um að gifta sig.

Eins og áður kom fram eru til fleiri föll í finnsku en í íslensku. Þannig er hægt að skrifa og tala á gagnorðan hátt, en að mínu mati hljómar til dæmis notkun *fjarverufallsins* (e. *abessive*) aðeins of gamaldags:

- (19) a. ...að hann gæti eins farið á fjallið **fótalaus** einsog **tíkarlaus**... (bls. 63)
b. ...that he would be as much use in a round-up **without his right foot as without his dog**... (bls. 68)
c. ...että hän voisi mennä tunturille yhtä hyvin **jalatta** kuin **koiratta**... (bls. 64)
d. ...att han lika gärna kunde dra till fjälls **utan fötter** som **utan hund**... (bls. 59)
e. ...ke estos egale senutile por li iri sur la montojn **sen piedoj** kiel iri **sen hundo**... (bls. 61)
f. ...que sería tan eficaz en un rodeo **sin su perra** como **sin su pierna derecha**... (bls. 85)
g. ...che tanto valeva andasse alla cerca sui monti **senza un piede**, se doveva andare **senza il cane**... (bls. 83)

Eins og kom fram í (19), er enska þýðingin notað sem hjálpargagn í spænsku; í báðum er talað um hægri fótinn jafnvel þó í frumtextanum sé rætt um báða fætur.

Í þýðingunum fannst stundum ósamræmi. Í þessu dæmi er nokkrum orðum bætt við af finnskum þýðanda, ég kíkti á gömlu sænsku þýðinguna en þar var setningin næstum því sama:

- (20) a. Það ert þú sem öskrar. **Við bölvum** (bls. 294).
b. Sinähän se semmoinen olet joka ulisee. **Nämä pojat ne kirota tärskäyttää** (bls. 298).
c. Det är du som tjuter. **Vi svär** (bls. 265).
d. Det är du som tjuter. **Vi svär, vi** (1949:269).

Finnska setningin finnst mér samt skemmtileg, *nämä pojat ne kirotta tärskäyttää* gæti verið íslenskað eins og „strákarnir hérna bölvu svo að upp rýkur“¹⁵ eða „blóta eins og sjóarar“¹⁶.

3.3.3 Sænska þýðingin

Sjálfstætt fólk hefur verið þýtt tvisvar á sænsku. Fyrsta þýðingin var gefin út árið 1949 og hún var þýtt frá íslensku af Anna Z. Osterman, og svo kom út þýðing Inge Knutssons árið 2011.

Anna Zulamith Osterman var sænskur þýðandi sem fæddist árið 1902 og dó 1969.¹⁷ Hún var sendikennari við Háskóla Íslands 1938-42 og var ein af fyrstu konunum sem kenndu í háskólanum.¹⁸

Inge Knutsson er fæddur árið 1948.¹⁹ Hann lærði Norðurlandamál í Lundi í Svíþjóð og hefur þýtt yfir 100 verk úr íslensku, færeysku, norsku og dönsku. Hann segir að forlagið Leopard hafi spurt hvort hann gæti þýtt ævisögu Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson. Forlagið vildi einnig að hafa eitthvert verk Laxness í boði til sölu. *Fria män (Sjálfstætt fólk)* var valið en þá kom fram að gamla þýðingin hennar Önnu Osterman væri ónothæf og Knutsson var beðinn um að þýða verkið aftur ásamt ævisögunni. Knutsson segir að gamla þýðingin hafi verið þegar úrelt þegar hún kom út; í henni eru mörg gamaldags orð og fjölmörg dæmi misskilning mátti finna. Auk þess voru sagnorð eins og *vi voro* notuð oft. Hér er dæmi um slíka notkun, fyrst er setningin úr frumtextanum, þá úr gömlu þýðingunni og svo þýðing Knutssons:

- (21) a. *Líkmennirnir **gripu** skóflurnar fegins hendi...* (bls. 149)
- b. *Likbärarna **grepo** skovlarna med ivriga händer...* (bls. 137)
- c. *Likbärarna **grep** med glädje skyfflarna...* (bls. 136)

Samkvæmt Knutsson voru kvæðin erfiðasti þátturinn í þýðingarferlinu; í þeim séu orð og orðatiltæki sem séu einnig erfið fyrir Íslendinga. Það tók þrjú ár að þýða verkið;

¹⁵ Þýðing af Tapio Koivukari.

¹⁶ Þýðing af Erlu Elíasdóttur.

¹⁷ <http://www.ne.se/anna-z-osterman>

¹⁸ <http://www.hi.is/araturgur/1931-1940>

¹⁹ Upplýsingar um Inge Knutsson eru úr tölvupósti frá honum til höfundar (2012), Johannesson (2008) og Hermasson (2011).

Heimir Pálsson hjálpaði honum með því að gefa hugmyndir og laga textann. Jafnframt kemur fram hjá honum að hann hefur engin viðbrögð fengið frá lesendum, en hins vegar hafa ritdómarar verið mjög ánægðir með þýðinguna.

3.3.4 Ítalska þýðingin

Þýðandi verksins á ítölsku er Silvia Cosimini. Hún er fædd árið 1966 í Montecatini Terme á Ítalíu.²⁰ Cosimini segir að hún hafi lesið *Sjálfstætt fólk* fyrir nokkrum árum þegar hún var í námskeiði um samtímabókmenntir við Háskóla Íslands. Hún sagði að hún hefði alls ekki þolað Bjart af því að hann er þverhaus sem þykir bara vænt um kindurnar sínar og þess vegna afþakkaði hún ósk um að þýða verkið; henni fannst bókin erfið og þreytandi og hana langaði ekki að þýða eitthvað sem hún kynni ekki að meta. Mörgum árum síðar hafði hún lesið *Sjálfstætt fólk* nokkrum sinnum og ákvað að þýða verkið. Hún segir að í þýðingarferlinu ímyndaði hún sér allt í kringum sig eins og það gerist í bókinni og einnig fór hún einhvern veginn að elska Bjart í Sumarhúsum; samkvæmt henni er Bjartur mynduglega byggð persóna sem henni þykir vera mest lifandi manngerð sem Laxness hefur skapað.

Í þýðingarferlinu fannst henni erfitt að varðveita bragarháttinn á kvæðunum á ítölsku eins og hann var í frumtextanum; hún notaði jafnmörg atkvæði í bragarhætti sem Ítalir þekkja betur. Hún segist líka hafa rannsakað orðaforðann til þess að geta varðveitt stíl Laxness og breytt aðeins orðavali í samhengi við íslenska kaldhæðni; samkvæmt henni gæti orðrétt þýðing íslenskrar kaldhæðni verið of þung fyrir ítalskan lesenda. Jafnframt kemur fram hjá henni að hún hafi reynt að finna jafnvægi milli ítalskrar og íslenskrar greinarmerkjasetningar til að gera þýðinguna skiljanlegra.

Cosimini útskýrir mörg séríslensk fyrirbæri í neðanmálsgreinum. Sem dæmi um fjölbreytni skýringanna má sýna það sem er sagt um setninguna *e citavano perfino le saghe e le ballate antiche*, „enda vitnuðu þeir í fornsögur og rímur“ (2007:20); þá er sagt í neðanmálsgrein að

- (22) *Le rímur* (sing. *Ríma*) sono componenti poetici narrativi in gruppi di strofe (da cento fino anche a mille) basati sulla versificazione in metrica complessa di letteratura in prosa già esistente (in particolare le saghe), diffusi dal XIV secolo

²⁰ Upplýsingar í þessum undirkafla má finna í <http://www.silviacosimini.com> og http://www.lanotadeltraduttore.it/gente_independente.htm

fino al giorno d'oggi. Erano costituiti in genere da una serie di *rímur* (*rímnaflökkur*) in metri diversi e introdotte dal *mannsöngur*, lirica invenzione del poeta. Le *rímur* hanno rappresentato per secoli l'unica forma di letteratura e di intrattenimento in Islanda [N.d.T.] (bls. 30).

Mér finnst þessar skýringar mjög hjálpsamar og gagnlegar, þegar erlend fyrirbæri eru útskýrð svo vel getur lesandinn leitað frekari upplýsinga og skoðað þær nánar.

3.3.5 Spænska þýðingin

Floreal Mazía (1920-1990) var argentínskt ljóðskáld, rithöfundur, blaðamaður og þýðandi.²¹ Foreldrar hans voru innflytjendur frá Mið-Evrópu og þegar hann var ungur voru nágrannar þeirra frá ýmsum stöðum, þess vegna var hann góður í tungumálum: hann kundi reiprennandi fimm mál og rúmlega fimmtán mállýskur. Mazía þýddi mörg stór verk hjá næstum því öllum argentínskum forlögum og jafnvel hjá spænskum, mexikóskum og úrúgvæskum forlögum.

Spænsk þýðing *Sjálfstæðs fólks* kom út hjá Editorial Sudamericana í Búenos Aíres í 1951. Önnur útgáfa kom út í 1956 og forlagið Turner í Madrid gaf út endurskoðaða útgáfu í 2004.²²

3.3.6 Þýðingin á esperanto

Sjálfstætt fólk var þýtt á esperanto af Baldri Ragnarssyni. Hann er fæddur í 1930 og lærði esperanto þegar hann var 19 ára. Esperantoferrill hans hefur verið langur og mikilvægur fyrir esperantohreyfinguna; hann var tilnefndur til Nóbelsverðlauna í bókmenntum árið 2007 af rithöfundasambandi esperantista.²³ Hann hætti að kenna árið 2000 og þá ákvað hann „að þýða a.m.k. þrjú höfuðverk íslenskra bókmennta: Njáls sögu, Sjálfstætt fólk og Eddu Snorra Sturlusonar“²⁴. *Njáls saga* var gefin út á esperanto árið 2003 og Edda 2008. Samkvæmt Baldri tók þýðingaverkið *Sjálfstæðs fólks* tvö ár; á þessum tíma vann hann að mörgum öðrum verkefnum, meðal annars bjó hann til prentunar frumsamin verk sín sem birtust í *La lingvo serena* sem inniheldur öll verk

²¹ Upplýsingar um Mazía eru frá Fondebrider, 2009.

²² Um þetta má lesa í vefsíðu Gljúfrasteins, http://www.gljufrausteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/spaenska/

²³ Nervi, 2007.

²⁴ Baldur Ragnarsson. 2012. Tölvupóst til höfundar 17. 4.

hans, eins og til dæmis ljóðabækur á esperanto og ritgerðir og greinar um ýmis umræðuefni, í aldursröð.

Baldur segir að þýðingin á *Sjálfstæðu fólki* hafi krafist meiri umhugsunar en annað sem hann hefur þýtt²⁵. Í bókinni má finna mörg atriði sem eru „svo sérílénsk að þau skiljast varla nema með skýringum“; þess vegna tók hann saman skýringar og setti þær aftan við þýðinguna, eins og til dæmis í kaflanum 66 *lia fama pionira samnomulo** (2007:409) og í skýringum stendur „*Ingólfur Arnarson*, laŭ historiaj fontoj la unua ekloĝanto de Islando“ (2007:478), '*Ingólfur Arnarson*, samkvæmt sögulegum heimildum fyrsti íbúi Íslands'. Samkvæmt honum hafði slíkt ekki verið gert við þýðingar verksins á önnur mál. Baldur segir að þegar hann þýddi kvæðin og vísurnar varðveitti hann merkingu og innrím, en í rímnavísunum var stundum hægt að einbeita sér meira að máli en bókstaflegri merkingu af því að í þeim sé rímið mikilvægara. Jafnframt kemur fram hjá honum að hann lagði mesta áherslu á að halda stílnum sem mest.

Um ritdóma um þýðingu sína segir Baldur eftirfarandi:

- (23) Esperantoheimurinn er smár þótt hann teygi sig víða. Ég man ekki til þess að hafa séð vandaða ritdóma um þýðinguna á *Sjálfstæðu fólki* en einstök bréf frá ókunnugu fólki hafa mér borist með þökkum fyrir þýðinguna.

Friedrich Schleiermacher (1768-1834) var þýskur heimspekingur og guðfræðingur svo að vitnað sé til Ruokonen (2004:64). Hann þróaði kenningu um þýðingar og hlutverk þýðandans í því að sameina höfundinn og lesandann.²⁶ Þessi kenning snýst um hvort þýðandi færi lesandann til höfundarins eða öfugt: Hvort þýðandinn geti þýtt textann svo vel að ef höfundurinn lærði viðtökumálið eins vel og þýðandinn lærði frummálið mundi hann þýða textann nákvæmlega eins og þýðandinn. Þýðandinn verður að lýsa öllum tilfinningunum og fyrirbærum alveg eins og höfundurinn vegna þess að lesandinn kann ekki frummálið og samt eigi hann að upplifa bókina eins og höfundurinn. Í þessari aðferð er höfundurinn látinn í friði og lesandinn fluttur til höfundarins. Hinn möguleiki er sá að lesandinn sé látinn í friði og höfundurinn fluttur til lesandans; textinn verður að

²⁵ Baldur Ragnarsson, 2012.

²⁶ Sjá grein Schleiermachers *Ueber die verschiedenen Methoden des Uebersetzens* (1813), sbr. þýðingu Robinson (1997:225-238) og Weissbort og Ástráður Eysteinnsson (2006:205-206)

vera þýddur alveg eins og hann væri ef höfundurinn sjálfur hafi skrifað hann á viðtökumálinu. Samkvæmt Schleiermacher sé ekki hægt að blanda þessum aðferðum saman.

Ég hugsaði um þessa kenningu þegar ég las *Sendependaj homoj*. Jafnvel þó esperanto hafi sína eigin menningu, í þess konar þýðingarferli er nauðsynlegt að muna að esperanto er talað allstaðar í heiminum og mælendur þess koma frá ólíkum menningarheimum. Íslensk matargerð og önnur menningartengd atriði geta verið torskilin fyrir einhvern esperantista sem les *Sjálfstætt fólk* til dæmis í Suður-Ameríku, en að mínu mati hefur Baldur flutt lesandann til höfundarins; hann lýsir öllum fyrirbærum svo vel að jafnvel suður-ameríski lesandinn upplifir tilfinningar í Sumarhúsum.

3.3.7 Heiti verksins á öðrum tungumálum

Ég hef borið saman heiti *Sjálfstæðs fólks* á öðrum málum vegna þess að finnska þýðingin þess er ekki orðrétt eins og hægt er að sjá hér að neðan. *Sjálfstætt fólk* er að vísu til á fleiri málum, en ég bar saman þýðingar sem ég gat skilið sjálf.

(24)	tungumál	titill verksins	orðrétt þýðing titils á íslensku
	danska	Frie mænd	Frjálsir menn
		Ásta Sóllilja	Ásta Sóllilja
	eistneska	Iseseisvad inimesed	Sjálfstæðir menn
	enska	Independent people	Sjálfstætt fólk
	esperanto	Sendependaj homoj	Sjálfstæðir menn
	finnska	Läpi harmaan kiven: sankaritarina	Í gegnum gráan stein: hetjusaga
	franska	Gens indépendants	Sjálfstætt fólk
	gríska	Anexartetos laos	Sjálfstætt fólk
	hollenska	Vrije mannen	Frjálsir menn
		Onafhankelijke mensen	Sjálfstætt fólk
	ítalska	Gente indipendente	Sjálfstætt fólk
	norska	Frie menn	Frjálsir menn
		Sin egen herre	Sinn eigin herra

portúgalska	Gente independente	Sjálfstætt fólk
pólska	Niezależni: Saga islandzkiej doliny	Sjálfstæðir: Saga íslensks dals
rússneska	Samostojatelnyje ljudi: geroitsjeskaja saga Samostojatelnyje ljudi; Islandskij kolokol	Sjálfstætt fólk: hetjuleg saga Sjálfstætt fólk: íslensk klukka
spænska	Gente independiente	Sjálfstætt fólk
sænska	Fria män	Frjálsir menn
ungverska	Független emberek: hösköltemény	Sjálfstæðar manneskjur: hetjuljóð
þýska:	Unabhängige Menschen: Roman Sein eigener Herr: Heldenroman	Sjálfstætt fólk: skáldsaga Sinn eigin herra: hetjusaga

Finnska heitið, *Läpi harmaan kiven*, er hægt að útskýra með finnskum málshætti, *luja tahto vie miehen läpi harmaan kiven*; orðrétt þýðing á íslensku væri „sterkur vilji tekur mann í gegnum gráan stein“ en samsvarandi málsháttur á ensku er til dæmis „where there's a will there's a way“ (Hurme, Malin og Syväoja 1987:160). Þessi málsháttur er oft tengdur finnska fyrirbærinu *sisu*, sem er á ensku „perseverance, stamina“ (Hurme o.fl. 1987:1065).

Mér finnst finnska heitið of nálægt finnskri menningu. Að mínu mati væri *itsenäiset ihmiset* ('sjálfstæðir menn') eða *oman itsensä herra* ('sinn eigin herra') betri þýðing vegna þess að sagan gerist á Íslandi og hefur ekkert með Finnland að gera, enda er finnska heitið tekið úr málshætti sem er mörgum Finnum mikið hjartans mál. Spurningin er hvort *itsenäiset ihmiset* eigi að vera í nefnifalli eða í deildarfalli, *itsenäisiä ihmisiä*; stundum eru heiti bóka finnskuð í deildarfalli, eins og til dæmis *Pikku naisia* (*Little Women* eftir Louisa May Alcott, nf. *pikku naiset*) eða *Pelkoa ja inhoa Las Vegasissa* (*Fear and Loathing in Las Vegas* eftir Hunter S. Thompson, nf. *pelko ja inho Las Vegasissa*).

Samkvæmt Maurizio Tani ítölskukennara við Háskóla Íslands væri *Uomini liberi* betra heiti fyrir verkið vegna þess að það snýst um lífið upp í sveit og hjá fólki þar væri það eðlilegra og allmennara málsnið en *Gente indipendente*. Hann segir líka að orðið *indipendente* hefði verið notað á árunum 1950-60 bara af yfirstétt sem var mjög menntuð.

3.4 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um þýðingarnar sex og lítillega var sagt frá þeim og þýðendum þeirra. Einnig voru sýnd dæmi um heiti verksins í öðrum tungumálum.

Að mínu mati er góð þýðing skýr og eðlileg, en það kemur ekki alltaf af sjálfu sér. Mér finnst finnska þýðingin góð og nákvæm en stundum var mjög erfitt að skilja hvað Kivivuori átti við, en kannski er þetta mér að kenna; orðaforðinn minn í finnsku er ekki nógu stór til að skilja gömul orð tengd landbúnaði. Foreldrar mínir eru ungir og við höfum aldrei átt heima í sveit. En þýðingin á esperanto er til dæmis nákvæm en samt skiljanleg fyrir borgarbúa eins og mig, hugsanlega vegna þess að þegar tiltekin erfið orð, eins og *ábrystir* í dæmi (82), eru þýdd, er það oftast gert á útskýrandi hátt, eins og *kolostrajon el la unua lakto de la bovino post la nasko*, sem gæti verið íslenskað sem 'matur úr fyrstu mjólk kýrinnar eftir fæðinguna'. Samt hefur orðið *kolostrajo* þegar sömu merkingu, en þetta orð er sjaldan notað.

Eins og sagt var áður er finnska þýðingin þýdd úr sænsku. Þess vegna get ég ekki í raun og veru dæmt finnsku þýðinguna af því að ég hef ekki rannsakað þýðingu Ostermans ítarlega, en það sem ég hef borið saman í þessum tveimur þýðingum hefur verið nákvæmt. Stundum hefur villa eða breyting í sænsku þýðingunni haft áhrif á þýðinguna hennar Kivivuori, en þar hefur hún treyst Osterman vegna þess að hún kunnir ekki íslensku.

Næsti kafli fjallar um ýmis atriði í þýðingunum. Bæði málfræðileg og menningarleg vandamál verða skoðuð.

4. KAFLI

VANDAMÁL OG MÁLFARSPÆTTIR Í ÞÝÐINGUNUM

4.1 Inngangur

Í þessum kafla verður rætt um ýmis atriði í þýðingunum; annars vegar málfræðileg vandamál í kafla 4.2, hins vegar menningarleg vandamál í kafla 4.3. Sýnd verða dæmi um alla þætti í öllum tungumálum.

4.2 Málfræðileg vandamál

Hér á eftir verður talað um vandamál og málfarsþætti í tengslum við málfræðileg atriði. Þau verða flokkuð niður í undirköflunum ásamt dæmum.

4.2.1 Stafsetning

Í íslensku eru til bókstafir sem finnast ekki í öðrum tungumálum. Sérhljóðið *æ* og samhljóðin *ð* og *þ* geta verið óskiljanleg í þessum málum og þess vegna er þeim breytt í *ae*, *d* og *th*. Einnig eru til bókstafir sem hafa brodd, eins og *á*, *ó* og *í*. Í sumum tungumálum merkir broddurinn áherslu, eins og í spænska orðinu *música* 'tónlist', og Finnar hugsa oft að þeir séu löng sérhljóð vegna þess að í finnsku eru bókstafir með brodd til bara í sænskum eftirnöfnum eins og *Lindén*; löng sérhljóð eru skrifuð með tvöföldum bókstaf, eins og *Rooma*, 'Róm'. Ég vildi sjá hvernig þessi vandamál voru leyst í þýðingunum sex og hvort þau væru í samræmi innan textanna.

Í sumum þýðingum eru íslenskum bókstöfum breytt í venjulega stafi til þess að auðvelda lesturinn jafnvel þó stafurinn *ö* væri óbreyttur, eins og sjá má í eftirfarandi dæmi:

- (25) a. ...*en kona hans hét Gunnvör eða Guðvör*... (bls. 8)
- b. ...but the wife was called **Gunnvor or Gudvor**... (bls. 12)
- c. ...mutta hänen vaimonsa nimi oli **Gunnvör tai Gudvör** (bls. 8).
- d. ...men hans hustru hette **Gunnvör eller Guðvör**... (bls. 10)

- e. ...sed lia edzino nomiĝis **Gunnvor aŭ Gudvor** (bls. 12).
- f. ...pero la esposa se llamaba **Gunnvör o Guðvör** (bls. 18).
- g. ...ma la moglie si chiamava **Gunnvör o Gudvör** (bls. 14).

Mannanöfn í esperanto voru gerð aðgengilegri með því að stafsetja þau eftir framburði en halda beygingarendingu nefnifalls, eins og til dæmis *Einar* → *Ejnar*²⁷, eða með því að sleppa íslenskum bókstöfum, líka þeim með brodd; í sumum þýðingum voru þeir varðveittir en aðrir íslenskir bókstafir ekki, eins og má sjá hér:

- (26) a. *Guðfinna Þórarinsdóttir* (bls. 184).
- b. *Gudfinna Ragnarsdottir* (bls. 187).
- c. *Gudfinna Thórarinsdóttir* (bls. 185).
- d. *Guðfinna Thórarinsdóttir* (bls. 166).
- e. *Gudfinna Torarinsdottir* (bls. 169).
- f. *Guðfinna Ragnarsdóttir* (bls. 227).
- g. *Gudfinna Ragnarsdóttir* (bls. 229).

Í þessu dæmi sjáum við líka hvernig enska þýðingin hefur haft áhrif á spænsku og ítölsku; í 20. kafla er sagt að „þetta séu mæðgurnar frá Urðarseli, ekkjan hans Þórarins sáluga og dóttir hans“ (bls. 136). Ekki er sagt hvort þetta sé tilviljanarkennt, kannski hefur þýðandinn gert kærileysisvillu.

4.2.2 Eiginnöfn og örnefni

Staðarheiti í esperanto voru þýdd þannig að þau gætu hljómað „sennilega“²⁸ á esperanto, eins og til dæmis *Sumarhús* (ft.) → *Somerdomoj*. Í sumum þýðingum er bara hluti af staðarheiti þýddur, eins og í þessu dæmi:

- (27) a. ...*bærinn Albogastaðir í Heiði*... (bls. 7)
- b. ...the bigging **Albogastathir on the Moor** (bls. 11).
- c. ...**Nummen Albogastadirin** kartano (bls. 7).
- d. ...gården **Njugga på Heden** (bls. 9).

²⁷ Baldur Ragnarsson, 2012.

²⁸ Baldur Ragnarsson, 2012.

- e. ...la bieno **Kubuto sub la Monto** (bls. 11).
- f. ...la granja llamada **Albogastaðir del Páramo** (bls. 18).
- g. ...la fattoria di **Albogastadir sulla Brughiera** (bls. 13-14).

Hér á eftir eru nokkur dæmi um gælunöfn og hætti til að tjá dálæti; Títla er tík, Búkolla kýr og Jón sonur Bjarts. Í flestum dæmum eru notuð eignarfornöfn, eins og *mín*, *mia*, og *-ni* (eignarviðskeyti í finnsku) eða lýsingarorðið 'lítill' eins og *litli*, *pikku* og *piccolo*:

(28)	a.	<i>Títla mín</i> (bls. 16)	<i>Búkolla mín</i> (bls. 188)	<i>Jón litli</i> (bls. 392)
	b.	Titla (bls. 20)	my Bukolla (bls. 191)	Jon (bls. 402)
	c.	Titla pieni (bls. 16)	Nutipääni (bls. 189)	pikku Jón (bls. 397)
	d.	min vän (bls. 17)	Búkolla min (bls. 170)	Jón lille (bls. 352)
	e.	hundinjeto (bls. 19)	Senkorna mia (bls. 173)	Jon mia (bls. 353)
	f.	Titla (bls. 28)	mi Búkolla (bls. 231)	Jón (bls. 476)
	g.	cara Títla (bls. 24)	Búkolla mia (bls. 234)	piccolo Jón (bls.480)

Orðið *hundinjeto* lítur ekki út eins og hin dæmin. Hægt er að brjóta það í sundur til þess að sjá betur hvernig þetta orð er búið til:

(29)	<i>hundinjeto</i>	
	<i>hund-</i>	stofn orðsins 'hundur'
	<i>-inj-</i>	kvenkyns gælunafnsinnskeyti (e. <i>feminine affectionation suffix</i>)
	<i>-et-</i>	smækkunarinnskeyti (e. <i>diminutive suffix</i>)
	<i>-o</i>	ending nafnorðs í nefnifalli eintölu

Flest orð eru búin til á þennan hátt í esperanto. Til dæmis hjá Baldri Ragnarssyni kemur fram að í tungumálinu séu til „14 forskeyti og 27 viðskeyti auk nokkurra tæknilegra viðskeyta“ (1999:63) og þessi með orðflokkaendingarnar gefa málinu möguleika að tjá sig í fjölbreyttari og gagnorðan hátt; þetta getur samt orðið ögrandi verk ef þýtt er úr esperanto yfir á annað mál.

Í þessu dæmi er hægt að sjá fjölbreytni orðavals í ávörpum:

- (30) a. Ég er einginn Bjartur **pinn**. Ég heiti Guðbjartur Jónsson bóndi í Sumarhúsum (bls. 206).
- b. “I am no **dear** Bjartur **of yours**. My name is Gudbjartur Jonsson, farmer of Summerhouses“ (bls. 210).
- c. -Minä en ole mikään Bjartur **hyvä**. Nimeni on Gudbjartur Jónsson, Suvituvan isäntä (bls. 208).
- d. Jag är inte **din käre** Bjartur. Jag heter Guðbjartur Jónsson och är bonde i Sommarhus (bls. 187).
- e. Mi ne estas **via** Bjartur, mia nomo estas Gudbjartur Jonsson bienmastro en la Somerdomoj (bls. 189).
- f. -No soy **tu querido** Bjartur. Me llamo Guðbjartur Jónsson, agricultor de la Casa Estival (bls. 253).
- g. Io non sono il **tuo caro** Bjartur. Io sono Gudbjartur Jónsson, fattore di Sumarhús (bls. 256).

Í finnska dæminu þýðir *hyvä* 'góður', og í staðinn fyrir *bóndi* er notað orðið *isäntä*, sem gæti verið þýtt sem 'herra' eða 'húsbóndi'.

Í *Sjálfstæðu fólki* erunokkrar persónur með auknefni (e. *epithet*). Auknefni er lýsandi orð eða orðasamband sem er gefið einhverjum og hefur þá komið í almenna notkun. Persónur með auknefni í Íslandssögunni eru til dæmis Sæmundur *fróði* Sigfússon, Haraldur *hárfagri* og Hallgerður *langbrók* Höskuldsdóttir. Mig langaði að sjá hvort notuð hefðu verið auknefni í þýðingunum eða sótt ættarnafn. Í 62. kafla er nefndur Leifur heppni Eiríksson:

- (31) a. *Leifur heppni* (bls. 430)
- b. Leifur the Lucky (bls. 441)
- c. Leifur Onnellinen (bls. 435)
- d. Leif den lycklige (bls. 386)
- e. Leifur la Bonança (bls. 386)
- f. Leifur el Afortunado (bls. 520)
- g. Leifur il Fortunato (bls. 527)

Grettir sterki Ásmundarson er aðalpersónan í Grettis sögu. Finnska þýðingin fyrir sterki, *väkevä*, hljómaði sérkennilega að mínu mati vegna þess að í nútímafinnsku er þetta lýsingarorð notað fyrst og fremst í samhengi við mat og drykk, en þetta er gömul þýðing af auknefni Grettis (sjá Kuitunen, 2003); lýsingarorðið *väkevä* kemur frá nafnorði *väki* sem þýddi áður 'kraft', en í dag merkir það 'fólk' (sjá Häkkinen 1990:140). Í nútímafinnsku væri hugsanlega notað *vahva*, 'sterkur', sem auknefni Grettis. Sjáum hvernig nafnið hans er þýtt í hinum þýðingunum:

- (32) a. - *einsog Grettis sterka Ásmundarsonar, sem var hefnt alla leið austri Miklagarði...* (bls. 515)
- b. “-like **Grettir the Strong**, who was avenged all the way east in **Miklagard...** (bls. 533)
- c. - *sekin Grettir Ásmundarson Väkevä, hänet kostettiin ihan idässä Konstantinopolissa asti...* (bls. 521)
- d. *precis som man hämnades Grette den starke hela vägen österut till Miklagård...* (bls. 463)
- e. *...kiel [...] Grettir la forta Asmundarson, kiu estis venĝita tutvoje oriente en Konstantinopolo...* (bls. 462)
- f. *...como a Grettir el Fuerte, que fue vengado en el este, en Miklagarð...* (bls. 628)
- g. *...come Grettir Ásmundarson il forte, fu vendicato addiritura laggiù a est, a Costantinopoli...* (bls. 629)

Hér er föðurnafninu sleppt í nýju sænsku þýðingunni, en í gömlu þýðingunni stendur „líksom Grettir Asmundarson den starke, som blev hämnad ända österut i Miklagård“ (1949:462). Mér sýnist að enski þýðandinn hafi ekki vitað að íslenskt heiti Konstantínópels sé Miklagarður heldur hugsað að um íslenska borg sé að ræða, og spænski þýðandinn hafi tekið þetta frá ensku þýðingunni.

Þegar Kólumkilli er kynntur í fyrsta kaflanum er nafn hans sótt í sænsku þýðinguna:

- (33) a. *Hét þeirra fyrirlíði **Kólumkilli hinn írski**, sáríngamaður mikill* (bls. 7).
- b. Their leader was **Kolumkilli the Irish**, a sorcerer of wide repute (bls. 11).
- c. Heidän johtajansa oli **Kólumkilli Iiriläinen**, väkevä henkienmanaaja (bls. 7).
- d. Deras anförare hette **Sankt Colombo, eller Kólumkilli den iriske**, en ivrig andesbesvärjare (bls. 9).
- e. Estis ilia gvidanto **Kolumkilli la Irlanda**, sorcisto de vasta reputacio (bls. 11).
- f. Su dirigente era **Kólumkilli el irlandés**, un hechicero de amplia reputación (bls. 17).
- g. Il loro capo spirituale si chiamava **Kolumkilli Irlandese** ed era un famoso negromante (bls. 13).

Í 39. kafla er sagt frá ám Bjarts og ég vildi sjá hvernig þýðendur hafi leyst þýðingu nafnanna á þeim:

- (34) a. *Hríngja, Skella, Skessa, Kempa, Gála, Dúfa, Dröfn, Hálfhyrna, Styggahvít, Spakagul, Kría, Dúða, Brúska, Gulsokka, Drotning, Rák, Grýta, Fála, Gæf, Breiðhyrna, Fjóla, Morkola, Bjartleit, Kríka, Arnhöfða* (bls. 283)
- b. Hringja, Skella, Skessa, and the others –... (bls. 288)
- c. Kiemura, Tiuku, Noita, Urho, Villikissa, Kyyhky, Laine, Tynkäsarvi, Hento, Sopu, Neito, Paksuturkki, Kähäräpää, Keltakoipi, Kuningatar, Raita, Pata, Arka, Kesy, Isosarvi, Orvokki, Hiilenmusta, Valko, Käyräkoipi, Laikkupää (bls. 287)
- d. Ringla, Malla, Klunsa, Kämpa, Ystra, Duva, Våga, Halvhorna, Skyggvit, Spakgul, Tärna, Tjockpäls, Krulltopp, Gulsock, Drottning, Strimma, Gryta, Skygga, Tama, Bredhorna, Viol, Brunsvart, Ljuslätt, Vitlår, Fläckhuva (bls. 256)
- e. Petola, Kolombo, Duonkorna, Tufa, Reģino, Aglokapa ... (bls. 257)
- f. Hringja, Skella, Skessa, Kempa, Gála, Dúfa, Dröfn, Hálfhyrna, Styggahvít, Spakagul, Kría, Dúða, Brúska, Gulsokka, Drotning, Rák,

Grýta, Fála, Gæf, Breiðhryna, Fjóla, Morkola, Bjartleit, Kríka, Arnhöfða
(bls. 344)

- g. Hringja, Skella, Skessa, Kempa, Gála, Dúfa, Dröfn, Hálfhryna,
Styggahvít, Spakagul, Kría, Dúda, Brúska, Gulsokka, Drotning, Rák,
Grýta, Fála, Gæf, Breiðhryna, Fjóla, Morkola, Bjartleit, Kríka, Arnhöfða
(bls. 350)

Í esperantó og ensku er nafnaskráin ekki fullkomin. Í sænsku og finnsku eru öll nöfn
hins vegar þýdd, og í spænsku og ítölsku eru íslensku heitin varðveitt.

Sumar borgir eru með nafn sem er þýtt á mörgum málum; til dæmis
Kaupmannahöfn er *København* á dönsku, en *Kööpenhamina* á finnsku og *Copenhagen* á
ítölsku. Í *Sjálfstæðu fólki* koma við sögu m.a. Reykjavík og Lundúnir:

- | | | | |
|------|----|--|---|
| (35) | a. | <i>svindlarar í Reykjavík</i>
(bls. 458) | <i>bánka einum í</i>
Lundúnaborg (bls. 489) |
| | b. | swindlers in Reykjavik
(bls. 470) | from a certain bank in London
(bls. 506) |
| | c. | Reykjavíkin huijarit
(bls. 463) | eräästä Lontoon pankista
(bls. 495) |
| | d. | bedragare i Reykjavík (bls.411) | en bank i London (bls. 438) |
| | e. | trompistoj en Rejkjaviko
(bls.438) | de certa banko en Londono
(bls.410) |
| | f. | los estafadores de Reykjavik
(bls. 553) | de cierto banco de Londres
(bls. 594) |
| | g. | impostori di Reykjavík
(bls. 560) | da una certa banca di
Londra (bls. 597) |

Í 10. kaflanum kynnumst við kú sem heitir Gullbrá. Nafn hennar er þýtt á finnsku,
sænsku og esperanto, en í hinum málunum er íslenska nafnið varðveitt:

- (36) a. *Gullbrá* (bls. 63)
b. *Gullbra* (bls. 68)
c. *Kultaripsi* (bls. 65)

- d. Guldöga (bls. 59)
- e. Orbrovulino (bls. 62)
- f. Gullbrá (bls. 86)
- g. Gullbrá (bls. 83)

Kultaripsi er orðrétt þýðing, en í sænsku merkir nafnið 'gullauga'. *Orbrovulino* er búið til af fjórum hlutum: fyrst er *or-* af *oro*, 'gull' og *brov-* af *brovo*, 'brá', þá er *-ul-* sem einstaklingsviðskeyti, og síðast er *-ino*, ending kvenkyns nafnorðs í nefnifalli eintölu.

4.2.3 Sérnöfn á esperanto

Í þessum undirkafla lít ég lítillega á sérnöfn í þýðingunni á esperanto, þegar þau eru ekki þýdd á hinum málunum. Baldur Ragnarsson hefur skrifað mikið bæði á íslensku og esperanto og hefur gott vald á þeim málum; að mínu mati þýðir hann þess konar atriði á kunnáttusamlegan hátt.

Til að gera sérnöfn aðgengilegri ákvað Baldur Ragnarsson að sleppa íslenskum bókstöfum. Samkvæmt þessari reglu er nafnið einnar aðapersónunnar, Ástu Sóllilju, aðeins öðruvísi í *Sendependaj homoj*: *Ásta* er breytt í *Asta* og Sóllilja er þýdd orðrétt; *suno* merkir 'sól' og *lilio* 'lilja':

- (37) a. *Ásta Sóllilja* (bls. 125)
- b. *Asta Sollilja* (bls. 130)
- c. *Ásta Sóllilja* (bls. 128)
- d. *Asta Sollilja* (bls. 114)
- e. ***Asta Sunlilio*** (bls. 117)
- f. *Ásta Sóllilja* (bls. 159)
- g. *Ásta Sóllilja* (bls. 158)

Hér má nefna að Cosimini hefur bætt við ítölsku þýðinguna af Ástu Sóllilju, *Amata Girasole*, í neðanmálgrein.

Í esperanto er ekki til stafurinn eða sérhljóðið *y*, en Baldur Ragnarsson hefur samt notað það í þýðingunni sinni:

- (38) a. Guðný (bls. 115)
 b. Gudny (bls. 120)
 c. Gudný (bls. 118)
 d. Guðný (bls. 105)
 e. **Gudny** (bls. 108)
 f. Hundí (bls. 147)
 g. Gudný (bls. 146-147)

Í spænsku þýðingunni er sagt Hundí í stað fyrir Guðný, en ég get ekki rökstutt valið þýðandans.

Staðirnir *Strútfell* og *Vík* eru eins (*fjäll* merkir 'fell' í sænsku) í þýðingum nema í esperanto:

- (39) a. *í skúta undir **Strútfelli*** (bls. 99) *í **Víkinni*** (bls. 20)
 b. a cave under **Strutfell** (bls. 104) in **Vík** (bls. 24)
 c. **Strútfellin** juurella olevaan luolaan **Víkissä** (bls.20)
 (bls. 102)
 d. en grotta vid foten av **Strutfjäll** (bls. 91) i **Viken** (bls. 21)
 e. en kaverneto sub monto nomita **Kapuço** en **la Golfeto** (bls. 23)
 (bls. 93)
 f. una cueva debajo de **Strútfell** (bls. 127) en **Vík** (bls. 33)
 g. una grotta sotto il monte **Strútfell** (bls. 126) a **Vík** (bls. 29)

Kapuço þýðir 'hetta' í íslensku, *Golfeto* hins vegar 'lítill vík'; smækkunarviðskeyti *-et-* er bætt við orðið *golfo*. Ákveðinn greinir í esperanto er alltaf *la*, líka í karlkyni.

4.3 Menningarleg vandamál

Í þessum undirkafla geri ég grein fyrir ýmsum hugtökum og menningarlegum atriðum sem koma fram í þýðingunum, hvort þau séu torráðin eða eðlileg.

4.3.1 Jafngildi

Hjá Heimi Pálssyni og Höskuldi Þráinssyni er sagt að „þýðing geti ekki sagt hið sama og frumtextinn“ (1996:89) og lykilhugtakið í þessu samhengi sé *jafngildi* (e.

equivalence). Jafnframt kemur fram hjá þeim að hugtakið væri tekið í víðari notkun, þökk sé Eugene A. Nida, bandaríska Biblíu- og þýðingafræðingnum. Hjá Baker og Saldanha er sagt að „equivalence is variously regarded as a necessary condition for translation, an obstacle to progress in translation studies, or a useful category for describing translations“ (2009:96).

Samkvæmt Nida er til tvenns konar jafngildi, eins og hann lýsir í bók sinni *Toward a Science of Translating* (1996:89): Annars vegar er *formlegt jafngildi* (e. *formal equivalence*) og hins vegar er *áhrifajafngildi* (e. *dynamic equivalence*). Markmið formlegs jafngildis er að leggja áherslu á trúnað við frumtextann; þýðingin er eins nákvæm og hægt er miðað við frumtextann og setningarbygging getur þess vegna verið torskilin. Áhrifajafngildi hins vegar gerir það hægara fyrir lesandur þýðinganna að upplifa það sama og lesandur frumtextans; hjá Prickett (1993:8) kemur fram að hjá einum ættbálki á Nýju-Gíneu er *Agnus Dei* ('Guðs lamb') þýtt 'Guðs svín' út af því að hjá þeim er lamb óþekkt en svín hins vegar skipta miklu máli, og þess vegna merki 'Guðs lamb' ekkert fyrir þá.

Werner Koller þýðingafræðingur hefur unnið að jafngildi. Hann hefur skoðað nánar jafngildi og samsvörun (e. *correspondence*) sem er tengd jafngildi. Samsvörun er notuð í samræmi við andstæðumálvísindi (e. *contrastive linguistics*), sem ber saman tvö tungumálakerfi og útskýrir mismun og líkingu þeirra andstæðusamanburði (Munday 2008:46). Sem dæmi um samsvörun nefnir Koller m.a. skilgreiningu falsvina og setningafræðilegra afskipta. Samkvæmt honum er jafngildi hins vegar tengt samsvarandi atriðum í ákveðnu samhengi milli frum- og viðtökutexta.

Koller hefur einnig flokkað jafngildi í fimm tegundir, eins og kemur fram hjá Munday (2008:47):

- (40) 1. **Denotative equivalence** is related to equivalence of the extralinguistic content of a text.
2. **Connotative equivalence** is related to the lexical choices, especially between near-synonyms.
3. **Text-normative equivalence** is related to text types, with different kinds of texts behaving in different ways.

4. **Pragmatic equivalence**, or 'communicative equivalence', is oriented towards the receiver of the text or message.
5. **Formal equivalence**, which is related to the form and aesthetics of the text, includes wordplays and the individual stylistic features of the ST.

Hjá Munday kemur einnig fram að *pragmatic equivalence* samsvari áhrifajafngildi hjá Nida, en *formlegu jafngildi* hans megi ekki blanda saman við það sem heitir það sama hjá Koller.

Í þýðingunum á *Sjálfstæðu fólki* er hægt að finna mörg dæmi um jafngildi. Byrjum á einu sem tengist ekki menningarlegum fyrirbærum:

- (41) a. ...*hún var einsog **gulrófan** sem þrífst best á haustin...* (bls. 87)
 b. ...she was like **the swede**, which thrives best in autumn... (bls. 91)
 c. ...hän oli kuin **porkkana**, joka syksyllä rehottaa parhaiten... (bls. 89)
 d. ...hon var som **kålroten** som frodas bäst om hösten... (bls. 80)
 e. ...ši estis kiel **la rapo**, kiu prosperas en la aŭtuno... (bls. 82)
 f. ...era como **el colinabo**, que medra en otoño... (bls. 112)
 g. ...come **la colza** che viene meglio d'autunno... (bls. 111)

Gulrófan er útskýrt sem 'matjurt (*Brassica napus* var. *napobrassica*) af krossblómaætt, myndar stóra forðarót sem nýtt er til matar' (*Íslensk orðabók*, bls. 340) og hún er notað í sænsku og ensku þýðingunum. Í finnsku þýðingunni er talað um gulrót og í esperanto hins vegar um næpu. Í ítölsku þýðingunni er notað orðið *colza*, sem er útskýrt í Snöru sem 'repja' og 'fræ káltegundar (*Brassica napus*)'. Í gömlu sænsku þýðingunni er sagt að hún væri eins og *moroten* (1949:80), sem þýðir 'gulrót'; Kivivuori kunnir ekki íslensku og frýjaði ekki sænsku þýðingunni, þess vegna er orðið notað líka í finnsku þýðingunni.

Íslenski menningarheimurinn er ólíkur hinum, ekki síst þeim í Suður-Evrópu. Á Norðurlöndum hefur matargerð verið lík, að minnsta kosti á yfirborðinu; til dæmis er rúgbrauð almennt þekkt í þessum löndum. *Blómur* er gamalt orð fyrir 'blóðmör' (*Íslensk orðabók*, bls. 97), og það hefur ekki samsvaranir í hinum málunum, enda er það þýtt á útskýrandi hátt. Í þessu dæmi eru líka önnur sérkennileg matarorð:

- (42) a. ...saltkeilan og rúgbrauðið, vatnsgrauturinn og súrblómurinn... (bls. 246)
- b. The salt torsk and the rye-bread, the thin porridge and the sour blood-pudding... (bls. 250)
- c. Suolakala ja ruisleipä, vesipuuro ja hapan verimakkara... (bls. 248)
- d. ...den salta lubben och rågrödet, vattgröten och den sura blodkorven... (bls. 223)
- e. ...la salfišo kaj la sekala pano, la avena kačo kaj la acida sangokolbaso... (bls. 224)
- f. El bacalao salado y el pan de centeno, las gachas aguadas y la morcilla agria... (bls. 300)
- g. ...del baccalà e pane di segale, zuppa d'avena e sanguinaccio inacidito... (bls. 305)

Huldufólk (e. *elves, the hidden people*) er mikilvægur hluti íslenskra þjóðsagna. Þessar yfirnáttúrulegu mannverur, oftast ósýnilegar, eru taldar búa í hólum og björgum (*Íslensk orðabók*, bls. 445). Hjá Gunnell (*Vísindavefurinn*, 2008) kemur fram að „nú á dögum tala margir Íslendingar um álfa og huldufólk sem sama fyrirbærið“, en í raun og veru séu þessir álfar ólíkir. Í flestum sögum býr huldufólk í náttúrunni og það er ekki auðvelt að sjá það, og ég er ekki viss hvort þess konar álfar eru til í finnskum þjóðsögum.

Huldufólk er nefnt líka í Sjálfstæðu fólki:

- (43) a. *Mig dreymdi að **huldukonan** tók mig með sér í hann Bæarklett...* (bls. 168)
- b. “I dreamed that **the elf-lady** took me into the big rock... (bls.171)
- c. -Näin unta, että **haltiavaimo** vei minut kanssaan Kotikallioon... (bls. 169)
- d. Jag drömde att **huldrekvinnan** tog mig med sig till klippan häruppe... (bls. 152)
- e. Mi songís ke **la feino** kondukis min kun si al la Hejma Roko... (bls. 155)
- f. -Soñé que **la mujer elfo** me llevaba al enorme peñasco... (bls. 208)
- g. Ho sognato che **una donna del popolo nascosto** mi portava con sé nella scogliera... (bls. 210)

Hér er *huldukonan* finnskað sem 'álfaeiginkona'; í orðabók er sagt að *haltija*²⁹ sé „sprite“, „genius“, „fairy“ eða „elf“ (Hurme o.fl. 1987:150), og kannski kemur þetta orðaval til greina vegna þess að í finnsku er ekki samsvarandi orð fyrir huldufólk. Mér finnst ítalska þýðingin góð; í henni er *huldukonan* umorðuð sem 'kona falda fólksins'.

Lítum svo á dæmi um þorra, sem er séríslenskt fyrirbæri. *Íslensk orðabók* segir að þorri sé „fjórði mánuður vetrar að íslensku misseristali, hefst föstudaginn í 13. viku vetrar (19.-26. jan.)“ (2007:1211).

- (44) a. *Heyrðist draugurinn mæla upphátt í bænum frá því á **miðþorra** og frammyfir hvítasunnu...* (bls. 7)
- b. The ghost was heard chanting aloud in the bigging from **Mid-Thorri** to well past Whitsuntide... (bls. 11-12)
- c. Haamun kuultiin puhuvan talossa ääneen **tammikuun lopulta** alkaen helluntain tuolle puolen asti... (bls. 8)
- d. Vålnaden hördes tala högljutt på gården från **slutet av januari** till strax efter pingst... (bls. 9)
- e. Oni aũdis la fantomon laũte paroli en la domo ekde **la kvara monato de la vintro** ĝis post Pentekosto... (bls. 11)
- f. Se escuchó al fantasma cantar en voz alta en la casa, desde **mediados de þorri** hasta bien pasada la Pascua de Pentecostés... (bls. 18)
- g. Lo spettro fu udito parlare a voce alta nella fattoria dalla metà del **mese di Thorri** fino al giorno dell'Ascensione... (bls. 14)

Í *Íslensk-sænskri orðabók* stendur að þorri sé „antal; mängd; den 4 vintermånaden (från mitten av januari till mitten av februari)“ (1994:416); finnska þýðingin, 'frá lok janúar' er tekin frá sænskunni. Í ítölsku og spænsku er orðið *þorri* notað og útskýrt í neðanmálgreinum. Í stað fyrir *þorra* stendur í þýðingunni á esperanto 'frá fjórða vetrarmánuðinum', en í ensku er *Mid-Thorri* ekki þýtt eða útskýrt. Stundum eru villur í þýðingum, sérstaklega þegar þýðandinn þekkir ekki óreglulega beygingu orðs. Í eftirfarandi dæmi er eignarfall orðsins *Viðey* notað í finnsku þýðingu:

²⁹ *Haltia* og *haltija* merka það sama, þ.e.a.s. 'álfur'. Þegar ég var í skóla lærði ég að *haltia* merki 'álfur' og *haltija* 'eigandi'. Núna standa *haltia* og *haltija* bæði 'álfur' og 'eigandi' og í samhengi er hægt að skilja um hvað sé að ræða, jafnvel þó mörgum finnst *haltia* og *haltija* hafa ólíka merkingu. Um þetta má lesa í vefsíðunni af *Kotimaisten kielten keskus*, <http://www.kotus.fi/index.phtml?s=2815>.

- (45) a. – *hún kann alla Viðeyarbókina* (bls. 131).
 b. –she knows the whole of **the Videy Psalms** off by heart (bls. 136).
 c. ...hän osaa koko **Videyjarin virsikirjan** (bls. 135).
 d. ...hon kan hela den **papistiska psalmboken** utantill (bls. 120).
 e. ...ði scias parkere **la Videy-himnaron** (bls. 122).
 f. Conoce de memoria todos **los salmos del libro de Víðey** (bls. 167).
 g. ...sa tutto **il libro di Videy** a mente (bls. 166).

Í gömlu sænsku þýðingunni hefur Viðey verið þýdd, í henni stendur að „hon kan hela Vidöpsalmboken“ (1949:121). Spurningin er hvaðan Kivivuori hefur tekið eignarfall *Viðeyjar* vegna þess að samkvæmt finnsku málfræðireglunum er *-n* fleirtöluviðskeyti og þá væri eignarfallið *Viðeyn*.

Annað dæmi um notkun eignarfalls í þýðingunum finnst í fyrsta kaflanum verksins, þegar talað er um dys þar sem lík Gunnvarar var dysjað:

- (46) a. **Gunnudys** (bls. 11)
 b. **Gunnucairn** (bls. 14)
 c. **Gunnin** kumpu (bls. 11)
 d. **Gunnas** dös (bls. 12)
 e. la Kairno de **Gunnvor** (bls. 14)
 f. Túmulo de **Gunna** (bls. 22)
 g. 'il tumulo di **Gunna**' (bls. 18)

Í gamalli þýðingu á sænsku er Gunnudys þýdd *Gunnudös* (bls. 12), og kannski hefur Kivivuori hugsað að gælunafnið hér væri *Gunn*, fyrsta atkvæði af 'Gunnvör'; þá samkvæmt finnsku málfræðireglunum væri það *Gunnin* í eignarfalli. *Gunna* kemur ekki fram í þessum kafla og kannski er enska nafnið þýtt líka beint af íslensku.

Bragfræði fjallar um uppbyggingu kveðskapar. Í íslenskri bragfræði eru til dæmis stuðlasetning og hrynjandi mikilvæg atriði, í finnsku er til bragarháttur sem var notaður í *Kalevala* og í mörgum þýðingum þess, líka á íslensku og ensku. Orðalisti bragfræðinnar er sérstakur í íslensku af því að orðin hafa verið þýdd: samkvæmt Snöru er til dæmis 'hexameter' á íslensku *sexliðaháttur* og *ferskeytla* þýðir 'quatrain'.

Bjartur er mikill ljóðskáld og fjallar oft um bragfræði. Ég vildi skoða hvernig orð tengð kveðskap eru þýdd í þýðingunum:

- (47) a. hrínghendar ferskeytlur (bls. 25)
- b. ring-handed quatrains (bls. 30)
- c. nelirivinen “hringenda“ (bls. 26)
- d. alliteration (bls. 25)
- e. la kvarversa rondrimado (bls. 28)
- f. cuartetas hábilmente construidas (bls. 40)
- g. quartine alliteranti (bls. 36-37)

Þessi orð eru notuð í eftirfarandi dæmi í frumtextanum, sjáum hvort sömu orð eru líka í þýðingunum:

- (48) a. *...en að hlusta á vægari skáldskap en **hrínghendar ferskeytlur**, það sagðist hann ekki láta bjóða sér, og væri ég skáld, sagði hann, þá skyldi ég ekki láta annað komast á gáng eftir mig en aldýr **sléttubönd*** (bls. 72).
- b. ...but to have to listen to anything less capable than **internally rimed quatrains** was more than he could stomach, “and were I a poet,” he said, “I should see that nothing of mine was ever made public unless it was a crafty **palindrome**“ (bls. 77).
- c. ...mutta **nelirivistä “hringendaa“** helpompia värssyjä hän ei sanonut huolivansa kuunnella, ja jos olisin runoilija, en päästäisi suustani muuta kuin taidokasta “**sléttuböndiä**“ (bls. 74).
- d. ...men att lyssna på lättviktig poesi utan **invecklad rimflätning** och andra finesser gav han inte mycket för, och vore jag diktare, sa han, skulle jag inte vilja bli känd för något annat än formell elegans med **både korsrim och långrim** (bls. 67).
- e. ...sed ke li aüskultu poezion malpli postulan metrike ol **rondrimitaj kvarversoj**, tion li neniam akceptos, kaj se mi estus poeto, li diris, tiam mi neniam prezentus al la publiko ion malpli komplikan ol **kvarversojn legeblajn antaüen kaj malantaüen samegale** (bls. 69).

- f. ...pero verse obligado a escuchar algo menos feliz que **cuartetos con rima interna** era más de lo que podía aguantar: “y si yo fuera un poeta - dijo- cuidaría de que nada de lo mío se publicase, a menos de que se tratase de **un palíndromo** bien construido“ (bls. 96).
- g. ...ma ascoltare poesia più modesta delle **quartine allitteranti** era più di quanto potesse sopportare. E se fossi un poeta, disse, mi rifiuterei di rendere pubblico qualunque cosa di mio che non fosse per lo meno **versi bifronti** (bls. 94).

Hér bendi ég á að í finnsku eru *hringhenda* og *sléttubönd* innan gæsalappa og beygð samkvæmt finnsku málfræðireglunum. Hugsanlega væri *palindromi* gott orð í stað fyrir *sléttubönd*, og *hringhenda* gæti verið þýtt á útskýrandi hátt, eins og til dæmis *nelitavuinen sisäriimitetty säe*.

Brennivín er íslenskt ljúfmeti sem kemur við sögu í 20. kafla:

- (49) a. O, ekki hefur maður nú spýtt útúr sér kaffinu hingaðtil, þó það væri **brennivínslaust** (bls. 129).
- b. “Oh, I've never spat my coffee out yet because there was no **brandy** in it (bls. 135).
- c. -Noo, eihän tässä kahvia ole ennenkään sylkäisty maahan, vaikkei **viinaa** ole seassa ollutkaan (bls. 133).
- d. Å, hittills har man minsann inte spottat ut något kaffe, trots att det inte har varit **kask** (bls. 118).
- e. Ho, mi ne elsputis la kafon ĝis nun, kvankam mankis al ĝi **brando** (bls. 121).
- f. -Oh, jamás escupí hasta ahora mi café porque no hubiese en él un poco de **aguardiente** (bls. 165).
- g. Oh, non si è mai sputato il caffè finora perché ci mancava **l'acquavite** dentro (bls. 164).

Samkvæmt Snöru merkir ítalska orðir *acquavite* 'ákavíti' og 'brennivín'. Jafnvel kemur fram hjá því að ákavíti sé ein brennivínstegund. Í gömlu sænsku þýðingunni er talað um *brännvin*, en í nýju þýðingunni kemur *kask* við sögu; uppskrift þess er að setja mynt í

bolla og hella kaffinu svo að myntin verður þakin, þá er brennivíni hellt þangað til myntin sést aftur.³⁰

Myntir koma við sögu í 25. kafla, þegar sagt er frá draumum Nonna:

- (50) a. ...*fimmtú aura, krónu, jafnvel tvær krónur*... (bls. 160)
b. ...a sixpence, a shilling, even two shillings... (bls. 162)
c. ...*viidenkymmenen äyrin, kruunun, jopa kahdenkin kruunun rahasta*... (bls. 161)
d. ...*en femtioöring, en krona, till och med två kronor*... (bls. 146)
e. ...*kvindek oerojn, unu kronon, eê du kronojn*... (bls. 148)
f. ...*una moneda de cincuenta céntimos, a veces con una de corona y hasta de dos*... (bls. 199)
g. ...*cinquanta centesimi, una corona, perfino due corone*... (bls. 201)

Í fjórum fyrstu setningum er talað um aura; einn eyrir var $\frac{1}{100}$ úr krónu (sbr. vefsíðuna Snöru). Í spænsku og ítölsku er talað um hundraðasta hlut af aðalmynteiningu, og þessi orð eru notuð í þeim málum. Annars er mynteiningin hér króna, en í ensku þýðingunni hefur Thompson notað gamlar enskar mynteiningar sem voru lagðar niður árið 1971 svo að vitnað sé til *Íslensku alfræðiorðabókinnar*³¹.

4.3.2 Ósamræmi

Í þýðingunum fann ég mörg dæmi um ósamræmi, og oftast var finnska þýðingin öðruvísi en hinar. Stundum virðist mér vera um misskilning að ræða en getur verið líka að þýðandinn hafi ákveðið að umorða frumtextann. Fyrst ætla ég að sýna nokkur dæmi með ósamræmi í finnsku, og svo á eftir koma dæmi þar sem sjá má ósamræmi í hinum málunum.

Byrjum með dæmi úr öðrum kafla:

- (51) a. *Og þetta er **fjörefnalaus** hundtík, því hún bítur gras* (bls. 14).
b. She was **starved of vitamins**, for she stopped every now and again to eat grass (bls. 18).

³⁰ Upplýsingar um kask eru frá <http://www.astro.uu.se/~ns/kask.html>.

³¹ Íslenska alfræðiorðabókin í vefsíðunni www.snara.is.

- c. Eikä tämä narttu ole **elinvoimainen**, sillä se haukkaa heinää (bls. 14).
- d. Och det är en tik som har **vitaminbrist**, för den äter gräs (bls. 15).
- e. Kaj ĝi estas hundino **manka je vitaminoj**, ĉar ĝi haltas de tempo al tempo por manĝi herbon (bls. 17).
- f. Estaba **necesitada de vitaminas**, porque de tanto en tanto se detenía a comer hierba (bls. 26).
- g. E chiaramente **manca di vitamine**, perché mangia l'erba (bls. 22).

Í öllum þýðingunum er talað um að Títlu vanti fjörefni, en í finnsku er sagt að hún sé ekki lífleg. Þetta gæti verið umorðun, en í næsta dæmi er að mínu mati um misskilning að ræða:

- (52) a. *Nú hvaða helvíti ertu fúll, sagði Íngólfur Arnarson...* (bls. 60)
- b. “My, **what a temper** the man's in, “said Ingolfur Arnarson... (bls. 65)
- c. -Mitä hemmettiä, **oletko juovuksissa?** sanoi Ingólfur Arnarson Jónsson... (bls. 61)
- d. Det var ju fan vad **du är sur**, sa Ingólfur Arnarson... (bls. 56)
- e. Kiel diable **malbonhumora** vi estas, diris Ingolfur Arnarson... (bls. 58)
- f. -¡Caray, **de qué humor** está el hombre! -exclamó Ingólfur Arnarson... (bls. 81)
- g. Però, accidenti se sei **di cattivo umore**, disse Íngólfur Arnarson... (bls. 79)

Lýsingarorðið *fúll* þýðir 'að vera í vondu skapi', og getur verið ruglað saman við annað lýsingarorð, *fullur*, ekki síst hjá þeim sem tala íslensku sem annað mál. Þetta hefur líklegast gerst í gömlu sænsku þýðingunni, þar sem stendur „Vad i helsike nu då, är du full?“ (1949:56) og þegar Kivivuori finnskaði frá þessari þýðingu kom röng merking líka í finnsku þýðinguna. Þetta fyrirbæri er þekkt einnig sem *falsvinir* (e. *false friends*); falsvinir eru orð sem líta eins út í tveimur málum en hafa ólíka merkingu. Um þetta má lesa hjá Heimi Pálssyni og Höskuld Þráinssyni (1988:14).

Í 17. kafla er lýst hvernig Bjartur fann konuna sína þegar hann kom heim frá ævintýrum sínum:

- (53) a. *Hún lá hér örend í storknuðu blóði sínu* (bls. 113).
 b. She was lying dead there **in her congealed blood** (bls. 118).
 c. Rósa makasi hengtömänä, **hyytynyttä verta päällään** (bls. 116).
 d. Hon låg död **i sitt levrade blod** (bls. 104).
 e. *Ŝi kuŝis tie morta en sia koaguliĝinta sango* (bls. 106).
 f. Yacía allí, muerta, **en medio de su sangre congelada** (bls. 145).
 g. *Giaceva per terra esanime nel suo sangue coagulato* (bls. 144).

Í finnsku þýðingunni lá Rósa örend, 'með storknað blóð á sér', en að mínu mati væri betri að þýða orðrétt eins og í hínun þýðingum hefur verið gert ef hún dó þegar hún var að fæða Ástu Sóllilju. Nafni hennar er bætt við vegna þess að í finnsku þýðir *hän* bæði 'hann' og 'hún' og þannig verður textinn skýrari fyrir lesandann.

Orðaval og samheiti eru mikilvæg atriði í þýðingafærlinu, sbr. Ingo (1990:185). Eitt orð getur haft mörg samheiti sem eru notuð í mismunandi samhengi. Sem dæmi má nefna orðin *stelpa*, *ungfrú*, *skvís* og *gella*. Öll þessi orð eru samheiti orðsins *stúlka*, en þau eru notuð í ólíkum kringumstæðum; hugsanlega notar enginn unglingur orðið *ungfrú* með vinum sínum og í formlegum textum finnst ekki orðið *skvís* þegar talað er um einhverja stúlku. Jafnframt kemur fram hjá Ingo að orðaval þýðanda skipti miklu máli og að mikilvægt sé að halda samhengi við annað orðaval svo að stíllinn breytist ekki (1990:186).

Ásta Sóllilja er kölluð í þennan hátt af Hallberu ömmu sinni:

- (54) a. ...þrettán ára gömul **stelpa**... (bls. 171)
 b. ...kolmetoistavuotias **letukka**... (bls. 172)
 c. ...en trettonårig **flicksnärta**... (bls. 155)
 d. ...dekdujara **knabino**... (bls. 157)
 e. ...**una chica** de doce años... (bls. 211)
 f. ...**una ragazza** di tredici anni... (bls. 214)
 g. ...a twelve-year-old **girl**... (bls. 173)

Auk þess sem að aldur Ástu Sóllilju er ekki sami í öllum þýðingunum, í sumum er hún tólf og í öðrum þrettán, er hún kölluð *letukka* í finnsku þýðingunni. *Letukka* er slangur, sjaldan notað, og merkir 'kona einskis virði'. Kannski hefur þetta orð verið algengara

þegar *Sjálfstætt fólk* var finnskað, en núna er það svolítið niðrandi. Kivivuori hefur valið annað orð sem er ekki í samræmi við orðin í hinum þýðingum:

- (55) a. *beljan* (bls. 282)
- b. the cow (bls. 287)
- c. se **lehmäpakana** (bls. 286)
- d. kon (bls. 255)
- e. la bovino (bls. 256)
- f. la vaca (bls. 342)
- g. la vacca (bls. 348)

Í öllum hinum málunum er talað um kúna, en Kivivuori hefur notað orðið *lehmäpakana*; *lehmä* merkir 'kúr', en *pakana* er 'heiðingi' eða 'trúleysingi' og oftast notað í samhengi við tíma þegar kristin trú byrjaði að breiðast út.

Mér finnst eftirfarandi dæmi mjög skemmtilegt. Lítum á orðaval í samhengi við lit augnanna og ósamræmi í finnskunni:

- (56) a. *það gat náttúrliga ekki minna kostað en kjaftshögg, – sagðirðu rautt hnjáskjól? Eg segi rautt nefskjól. Já og **blátt auga*** (bls. 230).
- b. And then of course words were not enough, the only solution was a smack across the chops – red pants, did you say? Well, I say a red nose. Yes, and a **black eye** (bls. 234).
- c. se maksoi tietenkin vähintään aimo iskun turpiin – sanoitko että punaiset housut? Minä sanon että punainen nenä. Joo, ja **halkihuuli** (bls. 233).
- d. det kunde givetvis bara sluta med ett knytnävsslag på munnen – sa du röda mamelucker? Jag säger rött näsblod. Ja, och **ett blått öga** (bls. 209).
- e. kaj tiam kompreneble vortoj ne plu taŭgis, la nura solvo estis pugnofrapoj, - ruĝan kalsonon, vi diris, ĉu? Mi diras ruĝan nazon. Jes kaj **nigran okulon** (bls. 210-211).
- f. Y luego las palabras ya no fueron suficientes y la única solución era chasquear los labios... ¿bragas rojas, dijiste? Bueno, y yo digo una nariz roja. Sí, y **un ojo negro** (bls. 282).

- g. E poi naturalmente non ci fu bisogno di dirlo, non poteva certo costare meno di un pugno in faccia – hai detto un sottabito rosso? Io dico un naso rosso. Sì, e **un occhio nero** (bls. 286).

Í gömlu sænsku þýðingunni stendur „en sprucken läpp“, þ.e.a.s. brotin vör, og sama merking er notuð finnsku þýðingunni. Í nýju sænsku þýðingu stendur hins vegar 'blátt auga' eins og í frumtextanum, og í hinum þýðingunum er augað svart, sem merkir glóðarauga eftir högg.

Í næsta dæmi er mikill munur á finnskunni í samanburði við hinar þýðingarnar, og þetta hlýtur að vera umorðun finnska þýðandans af því að gamla sænska þýðingin er orðrétt:

